

Ed.

267. Frumvarp til laga

[169. mál]

um námslán og námsstyrki.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi 1973.)

I. KAFLI

Lánasjóður íslenskra námsmanna, hlutverk hans og stjórn.

1. gr.

- 1.1. Meginhlutverk Lánasjóðs íslenskra námsmanna er að veita íslenskum námsmönnum fjárhagsaðstoð til framhaldsnáms, sem krefst a. m. k. 13 ára undirbúningsnáms, miðað við stysta eðlilegan tíma í samfelldu námi. Nú verða breytingar á íslensku skólakerfi, er hafa í för með sér breyting á lengd almenns undirbúnings, sem krafist er til háskólanáms, og skal þá heimilt að breyta með reglugerð framangreindu lágmarki til samræmis við það.
- 1.2. Lánasjóður veitir einnig hliðstæða fjárhagsaðstoð til náms við íslenska stýri-mannaskóla og vélskóla, svo og framhaldsdeild íslenskra landbúnaðarskóla.
- 1.3. Lánasjóði er heimilt að veita lán öðrum námsmönnum, sem náð hafa 20 ára aldri og geta sannanlega ekki stundað nám sitt að öðrum kosti vegna fjárhagsaðstæðna.
- 1.4. Lánasjóði er heimilt að veita aðstoð til náms erlendis, þótt það fullnægi ekki skilyrðum í 1. málsgl., ef ekki er unnt að stunda hliðstætt nám á Íslandi.

2. gr.

- 2.1. Miða skal framkvæmd laganna við, að opinber aðstoð við námsmenn samkvæmt þeim nægi hverjum námsmanni til að standa straum af nauðsynlegum árlegum námskostnaði, þegar eðlilegt tillit hefur verið tekið til fjárhagsaðstöðu hans, eins og hún er skilgreind og metin samkvæmt 5.—6. gr. laganna og reglum, sem settar eru samkvæmt lögunum, sbr. 17. gr.

3. gr.

- 3.1. Í stjórn Lánasjóðs íslenskra námsmanna eiga sæti sex menn, skipaðir af menntamálaráðuneytinu til tveggja ára í senn. Formaður skal skipaður án tilnefningar, en aðrir stjórnarmenn samkvæmt tilnefningu sem hér segir: Einn af hálfu fjármálaráðuneytisins, einn af hálfu háskólaráðs, einn af hálfu Sambands íslenskra námsmanna erlendis, einn af hálfu Stúdentaráðs Háskóla Íslands, en einn fulltrúi skal tilnefndur sameiginlega af öðrum námsmannahópum, sem falla undir ákvæði 1. gr., 1.—2. mgr. Menntamálaráðuneytið setur reglur um val

- síðastnefnda fulltrúans, að höfðu samráði við samtök viðkomandi námsmanna, og sér um framkvæmd þess.
- 3.2. Varamenn í sjóðsstjórn skulu skipaðir með sama hætti og aðalmenn og til jafnlangs tíma.
 - 3.3. Verði atkvæði jöfn við afgreiðslu mála í stjórn sjóðsins, sker atkvæði formanns úr.

4. gr.

- 4.1. Hlutverk stjóðsstjórnar er:
 1. Að úthluta námslánnum og námsstyrkjum samkvæmt lögum þessum.
 2. Að hafa umsjón með gagnasöfnun varðandi þörf námsmanna fyrir opinbera fjárhagsaðstoð.
 3. Að annast fjármál sjóðsins og gerð árlegrar fjárhagsáætlunar.
 4. Að gera tillögur til menntamálaráðuneytisins um málefni, er starfsemi sjóðsins tekur til.
- 4.2. Sjóðsstjórn er heimilt að fela bankastofnun m. a. útborgun lána og styrkja, innheimtu vaxta og afborgana og bókhald, eftir því sem henta þykir.
- 4.3. Menntamálaráðuneytið skipar framkvæmdastjóra Lánasjóðs og annað starfslid, að fengnum tillögum stjóðsstjórnar.
- 4.4. Árlegur rekstrarkostnaður sjóðsins greiðist úr ríkissjóði.

II. KAFLI

Um almenna námsaðstoð.

5. gr.

- 5.1. Lánasjóður veitir styrki námsmönnum, sem verða að vista sig utan lögheimilis síns og fjarri foreldrahúsum vegna náms, sem er aðstoðarhæft samkvæmt 1. gr., enda verði hliðstætt nám ekki stundað þar sem umsækjandi á heima. Við ákvörðun styrks skal höfð hliðsjón af þeim umframkostnaði, sem af þessum ástæðum leiðir, svo og af háum skólagjöldum.
- 5.2. Menntamálaráðuneytið getur ákveðið með reglugerð, að sjóðsstjórn skuli heimilt að veita hliðstæða styrki námsmönnum, sem eiga heimili á námsstað, ef þeir verða að vista sig utan foreldrahúsa af félagslegum ástæðum, enda geri þeir fullnægjandi grein fyrir þeim.

6. gr.

- 6.1. Lán úr Lánasjóði íslenskra námsmanna eru tvenns konar, A-lán og B-lán.
- 6.2. Við ákvörðun fjárhagsaðstoðar til hvers einstaks námsmanns samkvæmt lögum þessum skal taka tillit til framfærslukostnaðar í viðkomandi námslandi, lengdar árlegs námstíma, fjölskylduaðstæðna og annarra atriða, sem hafa áhrif á fjárþörf umsækjanda. Við ákvörðun A-láns skal tekið tillit til fjárhagsaðstöðu námsmanns, bæði tekna og eigna, og einnig höfð hliðsjón af fjárhag maka námsmanns. Við ákvörðun B-láns skal auk þess hafa hliðsjón af möguleikum umsækjanda til fjárhagsstuðnings frá foreldrum eða fósturforeldrum miðað við efnahag þeirra, nema aðstæður geri slíka hliðsjón óeðlilega.

7. gr.

- 7.1. Gjald dagar A- og B-lána eru tveir á ári, 1. mars og 1. september. Fyrsti gjald dagi A-láns skal vera á 5. misseri frá námslokum, en B-láns á 10. misseri. Vextir af A-lánum skulu vera jafnháir almennum innlánsvöxtum banka á hverjum tíma, en vextir af B-lánum 3% lægri en af A-lánum. Vextir reiknast í báðum tilvikum frá námslokum.
- 7.2. Endurgreiðslur námslána hvers einstaks námsmanns fara fram samkvæmt greiðsluáætlun, sem Lánasjóður gerir til ákveðins tíma í senn, og skulu greiðslurnar vera jafnar ársgreiðslur (annuitet) á hverju áætlunartímabili. Greiðsluáætlanir skulu gerðar þannig, að endurgreiðslutíminn fari eftir heildarskuld lántaka, en einnig er heimilt að taka tillit til aðstöðu hans til fjáröflunar. Reglur

um endurgreiðslur skulu tryggja, að meirihluti lántaka hafi greitt lán sín að fullu innan 12 ára frá upphafi greiðslna. Ef námsskuld er mjög há, en fjáröflun-araðstaða lántaka ekki að sama skapi góð, getur greiðslutími orðið 12—18 ár og allt að 20 ár í undantekningartilvikum, sbr. þó 7. gr., 3. mgr.

- 7.3. Sjóðsstjórn er heimilt að fresta greiðslu af námsláni, ef sérstakar ástæður, svo sem tekjumissir vegna veikinda, eru fyrir hendi.
- 7.4. Lán námsmanna, sem látast eða verða öryrkjar, skulu óafturkræf.

8. gr.

- 8.1. Lántakar skulu gefa út skuldabréf fyrir lánnum sínum.
- 8.2. Útborgun námsstyrkja og námslána samkvæmt 5.—6. gr. skal fara fram tvisvar á hverju námsári, þ. e. á tímabilinu 15. september—15. nóvember og 1. janúar—28. febrúar. Heimilt er einnig að greiða námsmönnum, sem stunda nám um sumartímamann, hluta árlegrar fjárhagsaðstoðar á tímabilinu 1. maí—30. júní. Menntamálaráðuneytið getur í reglugerð, að fengnum tillögum sjóðsstjórnar, heimilað frávik frá ofangreindri greiðslutilhögum.

9. gr.

- 9.1. Fjárhagsaðstoð samkvæmt lögum þessum skal því aðeins veitt, að framvinda náms sé með eðlilegum hætti.
- 9.2. Umsækjendur um lán og styrki skulu láta fylgja umsókn sinni allar þær upplýsingar, sem sjóðsstjórn telur máli skipta við ákvörðun námsaðstoðar.
- 9.3. Nú lýkur námsmaður ekki því námi sem fjárhagsaðstoð er veitt til. Getur sjóðsstjórn þá ákveðið, að hann skuli ekki njóta almennra lánakjara samkv. 7. gr. Þó skal tekið tillit til námsáfanga, sem námsmaður kann að hafa lokið.
- 9.4. Nú kemur í ljós, að fjárhagsaðstoð hefur verið veitt á röngum forsendum vegna vísitandi rangra upplýsinga af hálfu umsækjanda, og skal aðstoðin þá endurkræf þegar í stað.
- 9.5. Aðstöðujöfnunarstyrkur skv. 5. gr. skal veittur með fyrirvara um fullnægjandi námsárangur á viðkomandi námsári, ella verði aðstoðin endurgreidd samkvæmt ákvæðum laganna um námslán.

10. gr.

- 10.1. Námsmenn frá Norðurlöndum, sem eru heimilisfastir á Íslandi og stunda nám hérlendis, skulu eiga rétt til fjárhagsaðstoðar samkvæmt lögum þessum með sama hætti og íslenskir námsmenn, enda njóti þeir ekki aðstoðar frá heimalandi sínu. Heimilt er sjóðsstjórn að láta ákvæði þessarar greinar taka til einstakra annarra erlendra námsmanna, sem eins er háttað um.

11. gr.

- 11.1. Skylt er innlendum námsstofnunum, sem lög þessi taka til, að láta Lánasjóði íslenskra námsmanna í té nauðsynlega aðstoð við framkvæmd laganna, þar á meðal upplýsingar um framvindu náms umsækjenda.
- 11.2. Skattstofum er og skylt að láta Lánasjóði í té upplýsingar, sem nauðsynlegar eru til framkvæmdar laga þessara.
- 11.3. Með einstaklingsbundnar upplýsingar, sem Lánasjóði eru látnar í té samkvæmt þessari grein, skal farið sem trúnaðarmál.

III. KAFLI

Um styrki til framhaldsnáms.

12. gr.

- 12.1. Veitt skal árlega fé í fjárlögum til styrkja handa þeim, er lenggja stund á framhaldsnám að loknu háskólaprófi eða hliðstæðum prófum (kandídatastyrkja).
- 12.2. Skilyrði þess, að námsmaður geti fengið slíkan styrk eru:
 1. Að hann hafi að baki nám sem svarar a. m. k. 5 ára háskólanámi, og

2. að hann hafi lokið fullnaðarprófi, sem krefst a. m. k. þriggja ára náms að loknu stúdentsprófi eða hliðstæðu námi.
- 12.3. Námsmenn, sem fullnægja síðara skilyrði samkv. 12. gr. 2. mgr., en ekki hinu fyrra, geta hlotið námsaðstoð skv. II. kafla þessara laga, þar til þeir fullnægja báðum skilyrðunum.
- 12.4. Nú er fé það, sem veitt er til styrkja samkvæmt 12. gr. 1. mgr., ekki nægilegt til að fullnægja öllum styrkhæfum umsóknum samkv. 2. mgr. Skal þá heimilt að láta umsóknir þeirra, sem ekki hljóta styrk, koma til álitu við veiting námsaðstoðar samkvæmt II. kafla laganna.

13. gr.

- 13.1. Við ákvörðun styrkja samkvæmt 12. gr. skal höfð hliðsjón af sömu atriðum og við ákvörðun almennrar námsaðstoðar, sbr. II. kafla. Þó skal ekki tekið tillit til fjárhagsaðstöðu foreldra námsmanns.
- 13.2. Fjárhæð kandidatastyrks skal að öðru jöfnu ekki vera lægri en heildarupphæð almennrar námsaðstoðar, sem námsmanni mundi reiknast skv. II. kafla laganna.

IV. KAFLI

Um ráðstöfunarfé Lánasjóðs íslenskra námsmanna o. fl.

14. gr.

- 14.1. Árlegt ráðstöfunarfé Lánasjóðs íslenskra námsmanna er:
1. Vextir og afborganir af námslánum samkvæmt lögum þessum og af eldri námslánum.
 2. Ríkisframlag.
 3. Lánsfé, sbr. næstu málsgrein.
- 14.2. Sjóðsstjórn er heimilt með samþykki menntamálaráðuneytis og fjármálaráðuneytis að taka lán innanlands í bönkum eða öðrum lánastofnunum með tryggingu í verðbréfaeign sjóðsins til þess að endurlána námsmönnum. Sjóðurinn stendur straum af afborgunum og vöxtum vegna þessara lána. Stefnt skal að því að beita þessu fjáröflunarúrræði aðeins þegar brýn nauðsyn krefur, t. d. til að mæta óvæntri fjárbörf.

15. gr.

- 15.1. Stjórn Lánasjóðs íslenskra námsmanna gerir árlega fjárhagsáætlun fyrir sjóðinn á næsta almanaksári með sama hætti og aðrar ríkisstofnanir.

16. gr.

- 16.1. Ársreikningar sjóðsins skulu samþykktir af sjóðsstjórn og endurskoðaðir af ríkisendurskoðuninni. Þeir skulu birtir í Stjórnartíðindum.

17. gr.

- 17.1. Menntamálaráðuneytið setur með reglugerð frekari ákvæði um framkvæmd þessara laga, m. a. að því er varðar meginreglur um rétt til námsaðstoðar, ákvörðunaratriði varðandi fjárhæð hennar o. s. frv.
- 17.2. Sjóðsstjórn setur reglur um smærri atriði úthlutunar, og skulu úthlutunarreglur sjóðsins í heild gefnar út árlega og samþykktar af menntamálaráðuneytinu.

18. gr.

- 18.1. Lög þessi öðlast þegar gildi. Falla samtímis úr gildi lög nr. 7/1967, um námslán og námsstyrki, ásamt lögum nr. 39/1972, um breyting á þeim lögum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Stefnt skal að því í áföngum á allt að þremur árum, að fjárveiting hvers árs miðist m. a. við haustlán á því ári, sbr. 8. gr., 2. mgr., og 14—15. gr.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af nefnd, sem menntamálaráðuneytið skipaði haustið 1972 til að endurskoða lög um námslán og námsstyrki. Nefndin skilaði álitargerð 7. apríl 1973. Menntamálaráðuneytið lét prenta álitargerðina í frumvarpsformi og sendi hana til kynningar ýmsum aðilum, þ. á m. formönnum þingflokka, stjórn Lánasjóðs íslenskra námsmanna og samtökum námsmanna, sem aðild eiga að Lánasjóðnum. Frumvarpið er lagt fram óbreytt frá álitargerð nefndarinnar, nema að því er varðar ákvæði um vexti í 7. gr. Í upphaflegum tillögum var gert ráð fyrir, að vextir af svonefndum A-lánnum skyldu vera 1% hærrí en almennir innlánsvextir banka á hverjum tíma. Í frumvarpinu er ákvæðinu, að fengnum tillögum nefndarinnar, breytt á þann veg, að vextir af A-lánnum skuli vera jafnháir almennum innlánsvöxtum, en vextir af B-lánnum verði 3% lægri en af A-lánnum eins og í álitargerðinni var gert ráð fyrir. Í þessu felst, að vextir af A-lánnum yrðu miðað við núgildandi innlánsvexti 9%, en af B-lánnum 6% (í stað 10% og 7%, ef vaxtaákvæði frumvarpsins hefði ekki verið breytt).

Frumvarpinu fylgdi frá nefndinni svofelld greinargerð:

„Í lögum nr. 39 24. maí 1972, um breyting á lögum nr. 7 31. mars 1967, um námslán og námsstyrki, er bráðabirgðaákvæði þess efnis, að menntamálaráðherra skuli beita sér fyrir endurskoðun laga um námslán og námsstyrki og skuli að því stefnt, að henni sé lokið, áður en þing komi saman haustið 1972. Með bréfum dags. 19. september og 26. október 1972 skipaði menntamálaráðuneytið eftirtalda menn í nefnd til að annast endurskoðun laganna: Gunnar Vagnsson, formann stjórnar Lánasjóðs ísl. námsmanna, Þorstein Vilhjálmsson, lektor, Árna Gunnarsson, deildarstjóra, og Stefán Pálsson, starfsmannastjóra, tilnefndan af fjármálaráðuneytinu. Árni Gunnarsson var skipaður formaður nefndarinnar. Í skipunarbréfi var tekið fram, að eigi væru tók á, að umrædd endurskoðun færi fram áður en næsta Alþingi kæmi saman, en þess beiðst, að nefndarstörfum yrði hagað þannig, að unnt yrði að leggja fram á næsta Alþingi lagafrumvarp í framhaldi af starfi nefndarinnar.

Nefndin kom saman til fyrsta fundar 26. október 1972, en alls hefur hún haldið 30 fundi. Í samráði við menntamálaráðherra ákvað nefndin þegar í upphafi að fara þess á leit við samtök þeirra námsmanna, sem gildandi lög um námslán og námsstyrki taka til, að þau tilnefndu hver um sig einn mann, er nefndin gæti haft samráð við í starfi sínu eftir þörfum. Var slíkra tilnefninga óskað með bréfi til viðkomandi námsmannasamtaka, dags. 9. nóvember 1972, og hafa eftirtaldir menn samkvæmt því verið kvaddir til samráðs við nefndina: Ragnar Árnason frá Stúdentaráði Háskóla Íslands, Ólafur K. Pálsson frá Sambandi íslenskra námsmanna erlendis, Sverrir Guðjónsson frá Samtökum íslenskra kennaranema (v/nemenda Kennaraháskóla Íslands), Gunnar Guðmundsson og Rúnar Hálfðánarson frá Nemendafélagi framhaldsdeildar Bændaskólans á Hvanneyri, Lúðvík Jónasson, Ásgeir Guðnason og Kristinn Gíslason frá Skólafélagi Vélskóla Íslands, Sigurður Bergsveinsson og Halldór Halldórsson frá Skólafélagi Stýrimannaskólans í Reykjavík og Sturla Böðvarsson frá Nemendafélagi Tækniskóla Íslands. Nefndin hefur haldið tvo fundi með þessum samráðsmönnum af hálfu námsmannasamtaka og einn sameiginlegan fund með þeim og stjórn Lánasjóðs íslenskra námsmanna.

Nefndin aflaði sér gagna um núverandi skipan á fjárhagsaðstoð til námsmanna annars staðar á Norðurlöndum, og fylgir yfirlit um tilhögun þeirra mála í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð hér með sem fskj. VI.

Meðal annarra gagna, sem nefndin hefur kynnt sér í störfum sínum, má nefna ritgerð Árna Ól. Lárussonar, viðskiptafræðings, „Fjármagn til námslána. Spá til ársins 1985“ (prófrítgerð í viðskiptadeild Háskóla Íslands, Reykjavík 1972), svo og „Spá um nemendafjölda við Háskóla Íslands fram til 1985“ frá hagrannsóknadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins (júli 1972).

Núgildandi lög um námslán og námsstyrki voru sett árið 1967 (lög nr. 7/1967), en hefur tvívegis verið breytt, í bæði skiptin í því skyni að fella nýja hópa námsmanna undir gildssvið laganna. Með lögum nr. 89/1968 var þannig ákveðið, að starfssemi Lánasjóðs skyldi taka til kennaradeildar stúdentna, framhaldsdeildar og menntadeildar Kennaraskóla Íslands, svo og fyrsta hluta Tækniskóla Íslands, en með lögum nr. 39/1972 var í hóp þeirra námsstofnana, er sjóðurinn tekur til, bætt íslenskum stýrimannaskólum, Vélaskóla Íslands, framhaldsdeild við íslenska landbúnaðarskóla, svo og 2.—3. hluta og menntadeild Tækniskóla Íslands. (Orðið „menntadeild“ virðist vera misritun í lögnum fyrir „meinataeknadeild“.) Lög nr. 7/1967 leystu af hólmi lög nr. 52/1961, er áður giltu um Lánasjóð íslenskra námsmanna. Í löggjöfinni 1967 fólust þessi nýmæli helst:

- a. Deildaskipting lánasjóðsins í lánadeild námsmanna erlendis og lánadeild stúdentna við Háskóla Íslands var felld niður og úthlutun námsaðstoðar falin stjórn sjóðsins.
- b. Vextir af námslánnum voru hækkaðir úr 3.5% í 5% p. a., en bilið frá námslokum til upphafs endurgreiðslna lengt úr 3 í 5 ár. Kveðið var á um jafnar ársgreiðslur í stað jafnra afborgana.
- c. Sett var ákvæði um heimild til að hafa hliðsjón af efnahag námsmanna við ákvörðun námslána.
- d. Kveðið var á um, að stefnt skyldi að því, að opinber aðstoð við námsmenn samkvæmt lögnum nægði hverjum námsmanni til að standa straum af árlegum námskostnaði, þegar eðlilegt tillit hefði verið tekið til aðstöðu hans til fjáröflunar.
- e. Sett voru ákvæði um styrki til framhaldsnáms að loknu háskólaprófi.
- f. Tekið var fram í lögnum, að námsstyrkjum, öðrum en 5 ára styrkjum og styrkjum til framhaldsnáms að loknu háskólaprófi, skyldi varið til að veita upp á móti kostnaðarauka þeirra, er færu utan til náms.
- g. Þótt það leiddi ekki beint af ákvæðum laganna, varð sú framkvæmdarbreyting með tilkomu þeirra, að tekið var að veita stúdentum við Háskóla Íslands námslán þegar á fyrsta námsári eins og tíðkast hafði um námsmenn erlendis, en áður höfðu hinir fyrrnefndu ekki hlotið lán fyrr en á síðara misseri annars námsárs.

Svo sem getið var hér að framan, var í lögnum frá 1967 ákveðið að stefna að því marki, að hin opinbera fjárhagsaðstoð fullnægði því sem nefnt hefur verið „umframfjárbörf“ námsmanna, þ. e. þeim hluta námskostnaðar, sem fjáröflun námsmanns hrekkur ekki til að standa straum af. Á þeim sex árum, sem liðin eru frá gildistöku laganna, hefur verulega miðað í átt að þessu marki. Námsárið 1967/68 námu lán til námsmanna á Íslandi að meðaltali 43.9% af umframfjárbörf, en við úthlutun 1972/73 77.0%. Hliðstæðar hundraðstölur fyrir námsmenn erlendis eru 42.4% 1967/68 og 78.9% 1972/73. Nánari upplýsingar um þróun þeirrar fjárhagsaðstoðar, sem Lánasjóður íslenskra námsmanna hefur vett á umræddu árabili, er að finna í töflum þeim, er fylgja álitgerð nefndarinnar (fskj. 3).

Í starfi sínu að endurskoðun laganna um námslán og námsstyrki hefur nefndin litið svo á, að eðlilegt markmið slíkrar endurskoðunar væri: Að kanna, hvaða breytingar kunni að vera æskilegt að gera á löggjöfinni til að tryggð verði eftir föngum, að sú fjárhagsaðstoð, sem talið er kleift að veita, komi að sem bestum notum, þannig að þeir námsmenn, sem raunverulega þörf hafa fyrir slíkan stuðning, fái hann að nægilegu marki. Einnig kemur til álita, hvort breyta beri gildissviði laganna, að því er varðar hvaða námsmannahópar skuli eiga kost á stuðningi samkvæmt þeim.

Skal nú stuttlega gerð grein fyrir meginniðurstöðum nefndarinnar og helstu breytingum, sem frumvarp það, er nefndin hefur samið, gerir ráð fyrir miðað við núverandi löggjöf.

Að því er varðar gildissvið laganna, þ. e. til hvaða hópa námsmanna verksvið Lánasjóðs skuli taka, eru ekki gerðar tillögur um meiri háttar breytingar í raun frá núverandi skipan. M. a. með hliðsjón af því, að fjárhagsaðstoð sú, sem sjóðurinn veitir, verður áfram að meiri hluta lán, hefur nefndin ekki talið efni til að hverfa frá því, að kerfið taki að meginreglu til námsmanna, sem komnir eru á háskólastig eða hafa viðlíka langt undirbúningsnám að baki og háskólanemar. Útfærsla lána-kerfis til lægri skólastiga mundi hafa í för með sér verulega skuldabyrði langskóla- manna að loknu námi. Gert er ráð fyrir, að námsmannahópar, sem áður hafa verið felldir undir svið Lánasjóðs, haldi þeim réttindum, jafnvel þótt það samrýmist ekki með öllu framangreindri meginreglu. Það nýmæli er hins vegar í frumvarpinu, að gert er ráð fyrir, að Lánasjóði sé heimilt að veita lán námsmönnum, öðrum en löggin taka aðallega til, ef þeir hafa náð 20 ára aldri og geta sannanlega ekki stundað nám sitt að öðrum kosti vegna fjárhagsaðstæðna. Með þessu ákvæði er að því stefnt að tryggja betur en nú er gert, að einstakir námsmenn, sem við mikla fjárhags-örðugleika eiga að etja, eigi í einhver hús að vanda um aðstoð, sem komið geti í veg fyrir að þeir þurfi að hætta námi. Hér er að nokkru um að ræða hliðstætt ákvæði og er í 5. gr. a) laga nr. 69/1972, um ráðstafanir til jöfnunar á námskostnaði.

Ljóst er, að orka hlýtur tvímælis, hvar setja skuli verksviði lánasjóðsins mörk, ekki síst meðan það námsaðstoðarkerfi, sem tekur til nemenda á framhaldsskóla- stigi, er ekki öflugra en nú er raunin á. Meðan svo stendur, er eðlilegt, að t. d. nemendur í ýmsum sérskólum sækji á um að fá aðild að Lánasjóði íslenskra náms- manna, en nefndin telur, að hafa þurfi aðgát í þeim efnum, m. a. til að ekki skapist verulegt misrétti milli nemenda í mismunandi skólum á svipuðu stigi. Hins vegar virðist nefndinni full ástæða til, að sem fyrst verði tekin afstaða til þess, hvort eðlilegt væri að setja heildarlöggjöf um námsaðstoð, og hvort hagkvæmt kynni að vera að sameina að einhverju eða öllu leyti stjórnýslu á þessu sviði. Má ætla, að með slíkri sameiningu, eða a. m. k. skipulögðu samstarfi, yrði stuðlað að æskilegri samræm- ingu námsaðstoðar á ýmsum stigum og komið við ýmiss konar vinnuhagræðingu.

Að því er varðar umfang og tilhögun námsaðstoðar, gerir frumvarpið ráð fyrir ýmsum breytingum, sem öðru fremur er ætlað að auka jöfnuð meðal þeirra, sem aðstoð hljóta, miðað við fjárhagsaðstæður hvers og eins, svo og að tryggja sem besta nýtingu þess fjármagns, sem veitt er til námsaðstoðar. Veigamestu nýmæli, sem í frumvarpinu felast og þessa þætti varða, eru sem hér segir:

- a. Gert er ráð fyrir, að sá aðstöðumunur, sem stafar af því að námsmaður verður að stunda nám fjarri heimili sínu eða greiða há skólagjöld, verði sem mest jafnaður með styrkveitingum, svipað og stefnt er að á framhaldsskólastigi.
- b. Tekið verði upp tvískipting námslána og við veiting þeirra tekið aukid tillit til fjárhagsaðstæðna námsmanna. Við ákvörðun hinna almennu lána, A-lána, verði höfð hliðsjón af tekjum og eignum námsmannsins sjálfs og maka hans, ef hann er kvæntur/giftur, svo og námsaðstöðu hans að öðru leyti. Gert er ráð fyrir, að vextir af þessum lánnum verði nokkru hærri en greiddir eru af náms- lánnum samkvæmt gildandi lögum, eða miðað við núverandi vaxtakjör banka 8% í stað 5%. Hér ber að geta þess, að margir þeir námsmenn, sem fá A-lán, mundu eftirleiðis fá hluta aðstoðar í formi styrkja, sbr. a-lið hér að framan. B-lán verði veitt þeim námsmönnum, sem mikla fjárhagsþörf hafa, og þá að öðru jöfnu höfð hliðsjón af efnahag foreldra. Vextir af þessum lánnum verði 3% lægri en af A-lánnum, þ. e. miðað við núverandi vaxtakjör banka 5% eins og af námslánnum samkvæmt gildandi lögum.
- c. Tilhögun á endurgreiðslu námslána verður samkvæmt frumvarpinu sveigjan- legri en nú og þá annars vegar miðað við, að lágar námsskuldir innheimtist tiltölulega fljótt, en hins vegar, að unnt verði að taka nokkurt tillit til greiðslu- getu lántaka miðað við þyngd skuldabyrði. Gert er ráð fyrir, að meiri hluti náms- lána endurgreiðist innan 12 ára frá upphafi greiðslna, en að endurgreiðslutími geti orðið 12–18 ár og allt að 20 ár í undantekningartilvikum, auk þess sem

heimilt yrði að fresta ársgreiðslu, ef sérstakar ástæður væru fyrir hendi. Að því er varðar upphaf greiðslna er gert ráð fyrir, að þær hefjist af A-lánnum u. þ. b. 2½ ári eftir námslok, en af B-lánnum um 5 árum eftir námslok. — Samkvæmt gildandi lögum skal endurgreiðsla námsláns hefjast 5 árum eftir að námi lýkur og ljúka síðan á allt að 15 árum.

- d. Frumvarpið gerir ráð fyrir, að námsaðstoðin verði við það miðuð, að hún nægi hverjum námsmanni til að standa straum af nauðsynlegum árlegum námskostnaði, þegar eðlilegt tillit hefur verið tekið til fjárhagsaðstöðu hans eins og hún er metin samkvæmt lögum og reglum Lánasjóðs íslenskra námsmanna á hverjum tíma. Samkvæmt því er ætlast til, að þegar hin nýju lög koma til framkvæmda, verði náð því marki, sem samkvæmt gildandi lögum skal stefnt að í þessum efnum, en að sjálfsögðu þá miðað við það mat á fjármagnspörf námsmanna, sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Meðal annarra breytinga, sem leiða mundi af lögfestingu frumvarpsins, skulu þessar nefndar:

1. Allir fulltrúar í stjórn Lánasjóðs íslenskra námsmanna verði skipaðir til jafnlangs tíma, tveggja ára í senn. Lögtekið verði, að einn stjórnarmaður skuli tilnefndur af þeim námsmannahópum, sem aðild eiga að sjóðnum, en Stúdentaráð Háskóla Íslands og Samband íslenskra námsmanna fara ekki með umboð fyrir.
2. Árlegur rekstrarkostnaður Lánasjóðs verði greiddur úr rikissjóði, en ekki af fé sjóðsins.
3. Heimilað verði að breyta lánakjörum, ef námsmaður lýkur ekki því námi, sem fjárhagsaðstoð er veitt til.
4. Lögfest verði, að útborgun námslána skuli fara fram á tilteknum tímabilum, a. m. k. tvisvar á ári.
5. Ákvæði um styrki til framhaldsnáms að loknu háskólaprófi verði ýtarlegri en í gildandi lögum, lágmark undirbúningsnáms á háskólastigi hækkað úr 4 árum í 5, en kveðið á um, að fjárhæð styrkjanna skuli í hverju tilviki vera sambærileg við aðra námsaðstoð samkvæmt lögnum.
6. Heimilt verði að veita fjárhagsaðstoð einstökum erlendum námsmönnum, sem heimilisfastir eru hér á landi, enda þótt ekki sé um Norðurlandabúa að ræða.
7. Gert er ráð fyrir, að dregið verði úr lántökum í bönkum til öflunar fjár handa Lánasjóði, enda verði stefnt að því í áföngum á allt að þremur árum, að fjárveiting hvers árs miðist m. a. við haustlán á því ári.

Áhrif lagasetningar samkvæmt frumvarpi þessu velja að sjálfsögðu mjög á því, hvernig framkvæmd hennar verður mótuð, m. a. með reglugerð og öðrum fyrirmælum á grundvelli lagaákvæðanna. Koma þar m. a. til reglur um hvernig með því skuli fylgst, að framvinda náms sé með eðlilegum hætti, hvernig haga skuli mati á fjárhagsaðstæðum umsækjenda og um innbyrðis hlutföll mismunandi tegunda námsaðstoðar.

Á fskj. I er gerð grein fyrir hugmyndum nefndarinnar um fáein mikilsverð atriði í þessu sambandi.

Til þess að veita hugmynd um kostnaðaráhrif eru á fskj. II settir fram útreikningar á fjárþörf til námslána og fjarbýlisstyrkja eins og ætla má, að hún hefði reynst, ef nýtt kerfi samkvæmt frumvarpinu hefði verið komið til framkvæmda við úthlutun 1972—73. Útreikningarnir sýna tiltekna valkosti um innbyrðis hlutföll styrkja og lánategunda. Einnig er á sama fylgiskjali birt tafla um áætlaða þróun fjölda námsaðstoðarþega, en af þeirri töflu má ráða nokkuð um þróun fjármagnsþarfar til námsaðstoðar, miðað við fast verðlag.

Vakin skal athygli á því, að útreikningar á fskj. II taka ekki til kandiatastyrkja. Ákvæði frumvarpsins um þessa styrki hefðu ekki sjálfkrafa leitt til breytinga á fjárþörf við úthlutun 1972—73, og örðugt er að áætla fjölda þeirra fram í tímann.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér ræðir um hlutverk Lánasjóðs íslenskra námsmanna og til hvaða námsmanna fjárhagsaðstoð sjóðsins skuli taka. Er fjallað um það atriði í hinni almennu greinargerð hér að framan, þar sem rætt er um gildissvið laganna. Frumvarpið gerir ráð fyrir, að starfssemi Lánasjóðs taki sem áður að meginreglu til þeirra, er stunda framhaldsnám, sem krefst ekki skemmri undirbúnings en nú er krafizt til stúdentsprófs. Er sú breyting gerð frá gildandi lögum, að meginregla þessi er orðuð almennt í stað þess að tilgreina námsstofnanir. Jafnframt er ákvæði, sem tryggja á, að ekki þurfi að breyta lögnum, þótt breytingar verði á íslenzku skólakerfi, sem hafa í för með sér stytting almenns undirbúningsnáms til háskólanáms. — Bent skal á, að þegar rætt er um hlutverk Lánasjóðs í upphafi greinarinnar, er talað um „fjárhagsaðstoð“, en ekki „lán“ eins og í gildandi lögum. Er sú orðalagsbreyting í samræmi við framkvæmd, þar sem sjóðurinn annast ekki einungis lánveitingar, heldur og styrkveitingar, og mun væntanlega gera það að auknu marki, ef frumvarp þetta nær fram að ganga.

Samkv. 2. mgr. skulu tilteknir námsmannahópar, sem fengið hafa aðild að Lánasjóði íslenskra námsmanna með fyrri lagabreytingum, halda aðild sinni, þótt þeir falli e. t. v. ekki að öllu leyti undir meginregluna í 1. mgr.

Í 3. mgr. er það nýmæli, að Lánasjóði skuli heimilt að veita lán öðrum námsmönnum en meginstarfssvið sjóðsins tekur til, enda hafi þeir náð 20 ára aldri og geti sannanlega ekki stundað nám sitt að öðrum kosti vegna fjárhagsaðstæðna. Svo sem að er vikið í hinni almennu greinargerð hér að framan, þykir rétt að hafa slíka heimild til þess að unnt sé að liðsinna námsmönnum, sem ella kynnu að neyðast til að hætta námi fyrir sakir fjárskorts. Leggja ber áherzlu á, að veiting fjárhagsaðstoðar samkvæmt þessari heimild verði einstaklingsbundin, m. ö. o. ákveðin á grundvelli einstakra umsókna.

Samkv. 4. mgr. er Lánasjóði heimilt að veita aðstoð til náms erlendis, jafnvel þótt það fullnægi ekki hinum almennu skilyrðum um undirbúningsnám samkv. 1. mgr., enda sé ekki unnt að stunda hliðstætt nám á Íslandi. Er þetta í samræmi við þá framkvæmd, sem tíðkæzt hefur.

Um 2. gr.

Í þessari grein er kveðið á um, að framkvæmd laganna skuli við það miðuð, að opinber aðstoð við námsmenn samkvæmt þeim nægi til að standa straum af nauðsynlegum árlegum námskostnaði, þegar tekið hefur verið eðlilegt tillit til fjárhagsaðstöðu námsmanns eins og hún verður skilgreind og metin samkvæmt ákvæðum laganna og reglum, sem settar verða samkvæmt lögnum. Væri þar með náð því stefnumarki, sem sett er í gildandi lögum (2. gr.), en þess ber að sjálfsögðu að gæta, að hin svonefnda „umframfjárbörf“ námsmanna verður í ýmsum tilvikum metin öðru vísi og þrengra en áður, ef frumvarp þetta verður að lögum.

Telja verður, að af ákvæðum greinarinnar leiði þá framkvæmd, að þeir námsmenn, sem hafa sannanlega enga aðra möguleika til fjármögnunar náms síns, fái aðstoð, er nægi fyrir raunverulegum og eðlilegum þörfum þeirra.

Um 3. gr.

Hér ræðir um skipun stjórnar Lánasjóðs íslenskra námsmanna, og er gert ráð fyrir þessum breytingum:

1. Allir stjórnarmenn verði skipaðir til tveggja ára í senn, en samkvæmt gildandi lögum er skipunartímabilið fjögur ár fyrir aðra en fulltrúa Stúdentaráðs Háskóla Íslands og Sambands íslenskra stúdenta (námsmanna) erlendis, sem skipaðir eru til tveggja ára. Samkvæmt breytingunni yrði skipunartími allra stjórnarmanna sá sami, og einnig eykur hún líkur á því, að fulltrúar ráðuneyta í stjórn-

inni séu skipaðir af þeirri ríkisstjórn, sem með völd fer í landinu á hverjum tíma.

2. Í gildandi lögum er kveðið á um, að menntamálaráðuneytið skipi tvo menn í sjóðsstjórnina, og sé annar þeirra valinn með hliðsjón af kunnugleika á námi og högum þeirra námsmanna, sem ekki eru stúdentar. Frumvarpið gerir ráð fyrir að þessi stjórnarmaður, sem ætlað er að vera fulltrúi þeirra námsmannahópa, er rétt eiga til fjárhagsaðstoðar frá Lánasjóði, en eru hvorki aðilar að Stúdentaráði Háskóla Íslands né Sambandi íslenskra námsmanna erlendis, verði tilnefndir af viðkomandi námsmannahópum. Skal menntamálaráðuneytið setja reglur um val hans og sjá um framkvæmd þess. Eðlilegt er, að við setningu slíkra reglna verði haft samráð við samtök þeirra námsmanna, sem í hlut eiga. Þess skal getið, að við síðustu skipun hliðstæðs fulltrúa í sjóðsstjórn var sá háttur hafður að leita tilnefningar námsmannasamtaka.

Um 4. gr.

Í þessari grein, sem fjallar um hlutverk stjórnar og rekstur Lánasjóðs, eru þessar breytingar helstar frá gildandi lögum:

1. Tekið er fram, að meðal verkefna sjóðsstjórnar sé að gera tillögur til menntamálaráðuneytisins um málefni, sem starfsemi sjóðsins tekur til. Þykir eðlilegt að kveða þannig skýrt á um, að sjóðsstjórn sé ætlað að fylgjast með námsaðstoðarmálum og láta ráðuneytinu í té álit um þau efni, ýmist að eigin frumkvæði eða að fyrirlagi þess.
2. Gert er ráð fyrir, að menntamálaráðuneytið skipi starfslíð Lánasjóðs, að fengnum tillögum sjóðsstjórnar. Samkvæmt gildandi lögum er stjórn sjóðsins ætlað að ráða starfslíð að fengnu samþykki ráðherra. Með vaxandi umsvifum Lánasjóðs þykir eðlilegt, að um ráðningu starfsmanns hans fari með sama hætti og algengastur er um aðrar stofnanir, sem undir ráðuneytið heyra.
3. Gert er ráð fyrir, að árlegur rekstrarkostnaður sjóðsins greiðist beint úr ríkissjóði, en ekki af fé sjóðsins eins og nú er. Hér er fremur um að ræða breytingu á fyrirkomulagi en efnisbreytingu, þar sem ráðstöfunarfé sjóðsins er að miklum hluta fólgið í beinu ríkisframlagi, sem m. a. þarf að miða við, að séð sé fyrir rekstrarkostnaði. Hins vegar má telja, að skil milli rekstrarkostnaðar og námsaðstoðarfjár verði gleggri með því móti, að rekstrarkostnaður greiðist beint úr ríkissjóði samkvæmt fjárlögum hverju sinni. Ætti það að vera æskilegt bæði frá sjónarmiði námsmanna og fjárveitingavaldsins.

Um 5. gr.

Styrkir þeir, sem um ræðir í þessari grein, eru að verulegu leyti nýjung, að því er varðar þá námsmannahópa, sem starfsemi Lánasjóðs íslenskra námsmanna tekur til. Hins vegar eru þeir á sinn hátt hliðstæðir styrkveitingum þeim, sem upp hafa verið teknar á síðustu árum fyrir nemendur á framhaldsskólastigi, er þurfa að stunda nám utan heimabyggðar, sbr. lög nr. 69/1972, um ráðstafanir til jöfnunar á námskostnaði. Svipað og að er stefnt í þeim lögum er þessum styrkjum ætlað að stuðla að jöfnun þess fjárhagslega aðstöðumunar, sem af því leiðir, að sumir námsmenn geta stundað nám sitt á þeim stað, þar sem þeir eiga heimili, en aðrir verða að vista sig fjarri heimili sínu vegna námsins. Einnig skal við ráðstöfun styrkjanna höfð hliðsjón af skólagjöldum, sem tíðkast við sumar námsstofnanir erlendis. Sá aðstöðumunur, sem hér um ræðir, verður ekki jafnaður með öðru móti en með styrkjum. Í gildandi lögum er gert ráð fyrir nokkrum styrkveitingum til að vega upp á móti kostnaðarauka við nám erlendis, svo sem vegna fargjalda og skólagjalda. Á grundvelli þess ákvæðis hafa á undanfórnum árum verið veittir s. k. ferðastyrkir til námsmanna erlendis.

Ljóst er, að í ýmsum tilvikum kann að orka tvímælis, hversu aðstaða námsmanna, sem komnir eru á háskólaaldur, sé háð lögheimili og foreldrahúsum, og

verður að gera ráð fyrir, að setja þurfi framkvæmdareglur, sem tryggi eftir því sem kostur er, að styrkveitingarnar gegni raunverulega því hlutverki, sem þeim er ætlað.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir, að menntamálaráðuneytið geti með reglugerð ákveðið, að sjóðsstjórn hafi heimild til að veita styrki af þessu tagi námsmönnum, sem eiga heima á námsstað, en geta ekki notið þeirrar aðstöðu að búa í foreldrahúsum. Í nefndinni, sem frumvarpið samdi, voru skiptar skoðanir um, hvort slík heimild ætti rétt á sér. Meiri hluti nefndarinnar taldi, að ekki væri að svo stöddu rétt að ætla styrkjum þessum viðtækara hlutverk en að jafna sem mest þann aðstöðumun, sem stafar af fjarbýli, sbr. 1. mgr. greinarinnar, m. a. vegna þess, að örðugt yrði að meta, hverjar aðrar aðstæður gætu talist hliðstæðar. Einn nefndarmanna (P. V.) taldi hins vegar, að aðstæður eins og foreldraleysi, fjarvera, þröngbýli eða efnaleysi foreldra ættu að koma til álita til jafns við fjarbýli. Samkomulag varð í nefndinni um þá lausn, sem fram kemur í 2. mgr., þ. e. að þetta atriði verði á valdi stjórnvalda, án þess að lagabreytingu þurfi til.

Um það, hversu mikinn hluta af kostnaðarauka vegna „fjarbýlis“ hver námsmaður gæti fengið upphorinn í styrk, færi eftir framkvæmdareglum á hverjum tíma og fjárveitingu til styrkjanna. Ljóst er þó, að þessir styrkir þurfa að nema einhverju lágmarki, til þess að þeir nái tilgangi sínum.

Um 6. gr.

Í þessari grein ræðir um námslán, og felast í henni tvær veigamiklar nýjungar. Önnur er sú, að lán skuli vera tvenns konar, en hin lýtur að viðtækara tilliti til fjárhagsaðstæðna umsækjanda í ákveðnum tilvikum en gert er ráð fyrir í gildandi lögum. Með skiptingu þeirri í A-lán og B-lán, sem tillaga er gerð um, er miðað við, að A-lán verði, ásamt fjarbýlisstyrkjum, þar sem þeir eiga við, hinn almenni hluti fjárhagsaðstoðarinnar, sá sem langflestir stuðningshæfir umsækjendur hljóti að einhverju marki, en B-lán verði hins vegar ætluð þeim til viðbótar, sem mesta raunverulega „umframfjárbörf“ hafa, vegna mikils kostnaðar eða efnaskorts. Gert er ráð fyrir, að þau lán verði veitt með nokkru hagstæðari kjörum en hin, sbr. 7. gr., en hins vegar verði beitt strangari skilyrðum við mat á þeirri fjárbörf umsækjanda, sem B-lánum er ætlað að fullnægja. Í gildandi lögum er sjóðsstjórn við ákvörðun námsláns til hvers einstaks námsmanns „heimilt að hafa hliðsjón af efnahag hans og námsaðstöðu að öðru leyti“, auk fleiri atriða. Hefur þessi heimild jafnan verið notuð, að því er varðar fjárhag umsækjanda sjálfs, og nú upp á síðkastið hefur einnig verið höfð hliðsjón af tekjum maka. Segja má, að það mat fjárþarfar, sem frumvarpið gerir ráð fyrir í sambandi við ákvörðun A-láns, sé í meginefnum svipað því, sem tíðkast hefur, þótt skylda komi í stað heimildar og tekið sé beint fram, að hafa beri hliðsjón af fjárhag maka, enda einnig gert ráð fyrir, að fjölskyldu-aðstæður séu metnar. Í sambandi við B-lán bætist við hliðsjón af fjárhagsástandum foreldra eða fósturforeldra umsækjanda. Samkvæmt því sjónarmiði, að fjárhagsaðstoð lánasjóðsins skuli stuðla að aðstöðujöfnuði, og með hliðsjón af því, að fjárráðum til námsaðstoðar eru takmörk sett, þykir ekki óeðlilegt að miða við, að námsmenn, sem eiga vel efnuð búna foreldra, eigi kost nokkurs stuðnings af þeirra hálfu, jafnvel þótt lögbundnu framfæri sé lokið. Að sjálfsögðu verður í þessu sambandi að taka tillit til framfærslubyrði foreldra vegna annarra barna. Þá er og ljóst, að þegar komið er á það námsstig, sem hér er um að tefla, geta aðstæður verið með þeim hætti, að ekki séu rök til að gera ráð fyrir fjárhagstengslum af þessu tæi milli námsmanns og foreldra hans, og er vikið að slíkum undantekningum í lok greinarinnar.

Um 7. gr.

Gert er ráð fyrir, að gjalddagar námslána verði tveir á ári í stað eins nú. Þá eru og í 1. mgr. ákvæði um hvenær endurgreiðslur skuli hefjast og hvernig vöxtum skuli hagað. Samkvæmt gildandi lögum skulu endurgreiðslur námslána hefjast 5 árum eftir að námi lýkur, en hér er gert ráð fyrir, að greiðslur hefjist af A-láni um 2½

ári eftir námslok, en af B-láni um 5 árum eftir námslok. Vaxtakjör eru tiltekin með þeim hætti, að þau fylgi sjálfkrafa þróun almennra innlánsvaxta banka, án þess að lagabreytingu þurfi til. Miðað við núverandi¹⁾ bankavexti yrðu ársvextir af A-lánnum 8%, en af B-lánnum 5% eins og vextir af námslánnum samkvæmt gildandi lögum. Þegar metin er sú breyting lánakjara, sem hér er gert ráð fyrir, að því er A-lán varðar, ber m. a. að hafa í huga það sem sagt var í athugasemdum við 6. gr. hér að framan um þessi lán. Við veiting þeirra verður ekki beitt eins ströngum skilyrðum og í sambandi við B-lán, og má telja eðlilegt, að skilmálar þeirra séu ekki það frábrugðnir venjulegum lánaskilmálum, m. a. um vaxtakjör, að þeir freisti manna til að sækjast eftir lánunum umfram raunverulegar þarfir. Þá er og þess að minnast, að margir þeirra, sem A-lán hljóta, munu samkvæmt frumvarpinu njóta þeirra kjara-bóta, sem í fjarbýlisstyrkjum felast. Í ýmsum tilvikum munu þeir og hafa hagræði af sveigjanlegri endurgreiðslutilhögun, sbr. athugasemdir við næstu mgr. Á hinn bóginn er talið rétt að stilla vöxtum af B-lánnum í hóf til þess að draga ekki um of úr þeim jöfnuði, sem á að felast í þessum lánnum.

Í 2. mgr. er fjallað um tilhögun á endurgreiðslu námslána, og er þar um að ræða talsverðar breytingar frá gildandi lögum. Meginmunurinn er í því fólgin, að frumvarpið gerir ráð fyrir allmiklum sveigjanleika í endurgreiðslukerfinu, þannig að við ákvörðun endurgreiðslutíma í hverju tilviki sé unnt að taka bæði tillit til fjárhæðar námsskuldar og fjáröflunaraðstöðu lántaka. Samkvæmt gildandi lögum er svo til ætlast, að námslán endurgreiðist með jöfnum árgreiðslum á allt að 15 árum frá því að greiðslur hefjast, 5 árum eftir námslok. Í framkvæmd hefur það orðið aðalreglan, að miðað sé við 15 ára endurgreiðslutíma, hvort sem skuldin er stór eða smá. Er sá tími, sem liður frá því að námi lýkur og þar til námslán á að vera greitt að fullu, þannig 20 ár að öðru jöfnu. Í frumvarpinu er hins vegar gert ráð fyrir, að Lánasjóður setji hverjum lántaka endurgreiðsluáætlun til ákveðins tíma í senn og sé hún miðuð við heildarskuld lántaka, en einnig skal heimilt að taka tillit til aðstöðu hans til fjáröflunar. Ætlast er til, að um þessi atriði verði settar nánari reglur, er tryggi, að meirihluti lántaka hafi lokið endurgreiðslum innan 12 ára frá upphafi greiðslna, sem mundi þýða u. þ. b. 14½ ár frá námslokum, sbr. ákvæði 1. mgr. um fyrsta gjalddaga A-láns. Hins vegar getur endurgreiðslutími orðið lengri, ef námsskuld er mjög há, en fjáröflunaraðstaða ekki metin að því skapi hagstæð. Ekki er þó gert ráð fyrir, að greiðslutími geti orðið lengri en 18 ár (um 20½ ár frá námslokum, svipað og tíðkast samkv. gildandi lögum), nema í undantekningartilvikum. Lengra greiðslutímabil en 20 ár gæti því aðeins hugsast, að beitt hefði verið heimild samkv. 3. mgr. til frestunar árgreiðslu vegna tekju-missis af völdum sjúkdómsáfalla eða svipaðra aðstæðna, en sú heimild er nýmæli. Í 4. mgr. er samhljóða ákvæði og í gildandi lögum, um að lán námsmanna, sem látast eða verða öryrkjar, skuli óendurkræf.

Vert er að benda á, að við mótn þess endurgreiðslukerfis, sem hér hefur verið lýst, hefur verið litið til hvors tveggja, greiðslubyrði lántaka og hagsmuna lánasjóðsins. Tilhögunin miðar að því að girða fyrir, að greiðslubyrði verði óhóflega þung, og er ákvæðinu um, að greiðsluáætlun skuli gerð til ákveðins tíma í senn, ætlað að gera það kleift að taka tillit til breyttra aðstæðna með vissu millibili. Á hinn bóginn er og að því stefnt, að unnt sé að inneimta lágar námsskuldur mun hraðar en nú tíðkast, enda fari það ekki í bága við eðlilega fjáröflunaraðstöðu lántaka. Eðlilegt er, að lengd áætlunartímabils samkv. 2. mgr. verði ákveðin í reglugerð, og má ætla, að hún yrði ekki höfð minna en 3 ár.

Um 8. gr.

1. mgr. er efnislega óbreytt frá gildandi lögum að öðru en því, að fellt er niður ákvæði um að stjórn sjóðsins ákveði eftir aðstæðum umsækjenda, hvort eð hverra

1) Hér er miðað við þá bankavexti, er í gildi voru í apríl 1973, og ákvæði frumvarpsins fyrir breytingu þá, sem gerð er grein fyrir á bls. 5.

trygginga skuli krafist. Þykir eðlilegt, að nánari ákvæði um þetta atriði verði sett í reglugerð.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir því nýmæli, að lögákveðið verði, að útborgun námsaðstoðar fari fram tvisvar á hverju námsári, þ. e. á ákveðnu tímabili á hausti og miðjum vetri. Greiðsla haustlána var upp tekin fyrir nokkrum árum með heimild menntamálaráðuneytisins, og hefur reynslan sýnt, að námsmenn telja mikils um vert, að sú framkvæmd sé tryggð. Í málsgreininni er einnig gert ráð fyrir heimild til að greiða hluta fjárhagsaðstoðar að vori til námsmanna, sem stunda nám um sumar-tímann.

Um 9. gr.

Í 1. mgr. er mörkuð sú grundvallarregla, að eðlileg framvinda náms sé skilyrði til að hljóta fjárhagsaðstoð samkvæmt lögnum. Eðlilegt er, að sett verði í reglugerð nánari ákvæði um, hversu hagað skuli eftirliti með því, að þessu skilyrði sé fullnægt. Í gildandi lögum kemur fram, að miðað skuli við þessa grundvallarreglu við veiting námsaðstoðar, þótt hún sé þar orðuð á annan veg (5. gr., 2. mgr.). Hefur og stjórn Lánasjóðs mótað sér ákveðnar framkvæmdareglur í þessu efni.

2. mgr. er efnislega óbreytt frá gildandi lögum og þarfnast ekki skýringar.

Í 3. mgr. er nýmæli, þar sem sjóðsstjórn er heimilað að breyta lánakjörum, ef námsmaður lýkur ekki því námi, sem fjárhagsaðstoð hefur verið veitt til. Má segja, að ákvæði þetta sé í samræmi við þá meginreglu, að fullnægjandi námsástundun sé forsenda fjárhagsaðstoðar. Ákvæðið ætti og að draga úr líkum á því, að menn sækist eftir námslánnum án þess að stefna í alvöru að því að ljúka tilteknu námi. Í lok málsgreinarinnar er mælt fyrir um, að stjóðsstjórn skuli, er hún tekur afstöðu til máls af þessu tagi, taka tillit til námsáfanga, sem námsmaður kann að hafa lokið, enda eru þá nokkrar líkur til, að námið hafi ekki verið unnið fyrir gýg. Þá ber og að vekja athygli á, að sjóðsstjórn er ekki skylt að breyta lánakjörum í öllum tilvikum, þótt engum áfanga hafi verið lokið, heldur er um heimild að ræða. Er því unnt að taka tillit til þess, ef ástæður til námsslita eru með þeim hætti, að ósanngjarnnt megi telja að láta námsmanninn gjalda þeirra.

Ákvæði 4. málsgreinar er einnig nýjung miðað við gildandi lög, en má teljast sjálfsagður hlutur.

Í 5. mgr. er ákvæði, sem lýtur að því að tryggja, að styrkur samkv. 5. gr. frumvarpsins verði ekki veittur nema til náms, sem skilar fullnægjandi árangri. Hér er m. a. haft í huga, að á fyrsta ári náms erlendis kann í ýmsum tilvikum að reynast erfitt að sannreyna árangur fyrr en að námsárinu loknu, en hins vegar kæmi fjárhagsaðstoðin ekki að fullu gagna, ef ekki væri unnt að greiða hana út fyrr en eftir á. Ef til þess kemur, að námsmaður, sem fengið hefur bráðabirgðastyrk breytt í lán samkv. ákvæði þessarar mgr., lýkur ekki námi sínu, fellur mál hans undir ákvæði 3. mgr.

Um 10. gr.

Í þessari gr. eru eftirtaldar breytingar frá gildandi lögum: 1. Áskilið er, að námsmenn frá Norðurlöndum, sem eru heimilisfastir hér á landi og geta þannig öðlast rétt til fjárhagsaðstoðar samkv. lögnum, njóti ekki aðstoðar frá heimalandi sínu. Er þetta ákvæði sett til að leggja áherslu á, að ekki er að því stefnt í norrænu menningarmálasamstarfi að veita norrænum námsmönnum sjálfkrafa rétt til fjárhagsaðstoðar í hverju því Norðurlandríki, þar sem þeir stunda nám, heldur að tryggja, að þeir eigi jafnan kost slíkrar aðstoðar af hálfu annars hvors aðila, heimalands eða dvalarlands, eftir atvikum. 2. Gert er ráð fyrir heimild til handa sjóðsstjórn til að veita einstökum erlendum námsmönnum, annars staðar frá en af Norðurlöndum, fjárhagsaðstoð með sama hætti og norrænum námsmönnum, sem rétt eiga til aðstoðar, enda fullnægi þeir sama skilyrði um heimilisfesti hérlendis og njóti ekki stuðnings frá heimalandi. Eðlilegt virðist, að slík heimild sé fyrir hendi.

Um 11. gr.

Ákvæði þessarar gr. eru ekki í gildandi lögum, en sett hér til tryggingar því, að Lánasjóður eigi aðgang að þeim upplýsingum, sem nauðsynlegar eru til framkvæmdar laganna, enda verði með þær farið sem trúnaðarmál, að því er varðar hagi einstaklinga.

Um 12. gr.

Hér ræðir um styrki til framhaldsnáms að loknu háskólaprófi eða hliðstæðum prófum, hina svonefndu kandidatastyrki, sbr. 9. gr. laga nr. 7/1967. Að því er varðar skilyrði til að hljóta slíkan styrk (sjá 2. mgr.) er meginbreytingin frá gildandi lögum sú, að áskilið er a. m. k. 5 ára háskólanám eða jafngildi þess í stað 4 ára svo sem nú er í lögum. Sem rök fyrir þessari breytingu má m. a. benda á, að í háskólanámi, sem kann að taka 4—7 ár til fullnaðarprófs, eiga menn ekki kost kandidatastyrkja fyrr en að þeim tíma liðnum. Myndast þannig nokkurt misræmi milli námsmanna, að því er námsaðstoð varðar, en úr því er dregið með breytingunni. Svo sem verið hefur er gert ráð fyrir, að þeir námsmenn, sem lokið hafa fullnaðarprófi, en fullnægja ekki skilyrði um námslengd, eigi kost annarrar námsaðstoðar samkvæmt lögum, þar til umræddu skilyrði er náð. Í 4. mgr. er auk þess gert ráð fyrir, að umsækjendur um kandidatastyrk, sem fullnægja skilyrðum til styrks, en hljóta ekki, geti komið til álita við veiting annarrar fjárhagsaðstoðar, sem löggin taka til. Er það nýjung miðað við gildandi lög, þótt framkvæmd muni hafa að einhverju leyti hneigst í þessa átt.

Loks ber að vekja athygli á, að styrkirnir verða samkvæmt frumvarpinu ekki einskorðaðir við háskólapróf í þröngri merkingu, heldur koma einnig til greina þeir, sem lokið hafa prófum, er krefjast hliðstæðs undirbúnings.

Nefndin, sem frumvarpið samdi, telur æskilegt, að lög um Visindasjóð verði endurskoðuð með tilliti til eðlilegrar verkaskiptingar milli hans og Lánasjóðs varðandi styrki til kandidata í framhaldsnámi.

Um 13. gr.

Í 1. mgr. er ákvæði, sem miðar að því, að veiting kandidatastyrkja sé háð sömu almennu atriðum og önnur fjárhagsaðstoð samkvæmt lögum, þó þykir ekki eðlilegt að láta fjárhagsaðstöðu foreldra hafa áhrif, þegar hér er komið á námsferli.

Eðlilegt má telja, að sá styrkur sem Lánasjóður lætur kandidat í té til framhaldsnáms, sé að öðru jöfnu ekki veigaminni en sú aðstoð, sem mat á fjárþörf hans mundi leiða til, ef um væri að ræða nám á fyrra stigi. Að þessu lýtur ákvæði 2. málsgreinar.

Um þau atriði, sem þessi gr. vísar að, eru engin ákvæði í gildandi lögum. Hins vegar munu ákvæði frumvarpsins ekki fara fjarri framkvæmd við veitingu kandidatastyrkja, eins og hún hefur verið að undanfögnu, en þróun þessara styrkja er rakin á fylgiskjali III.

Um 14. gr.

Hér er fjallað um ráðstöfunarfé Lánasjóðs íslenskra námsmanna, og er 1. mgr. efnislega óbreytt frá gildandi lögum.

Í 2. mgr., þar sem ræðir um lántökur Lánasjóðs, er nýtt ákvæði, sem miðar að því að dregið verði úr beitingu þessa fjáröflunarúrræðis eins og framast er kostur. Það hefur að undanfögnu einkum verið notað til þess að standa straum af haustlánnum til námsmanna, meðan beðið hefur verið ríkisframlags í næstu fjárlögum. Lántökurnar fóru til skamms tíma mjög vaxandi með aukinni fjármagnsþörf sjóðsins, en hvort tveggja er, að lánastofnanir hafa talið sér mjög örðugt að láta aukið fá af hendi rakna í þessu skyni, og eins er það staðreynd, að lántökur þessar eru í raun að verulegu leyti einungis frestun á ríkisframlagi til sjóðsins. Virðist bæði æskilegt og illhjálvæmlegt að hverfa sem mest frá þessari aðferð til að fjármagna

námsaðstoð, en til þess þarf að sjálfsögðu að auka hlutfall ríkisframlags, sbr. og ákvæði til bráðabirgða.

Niður er fellt ákvæði gildandi laga (12. gr., 2. mgr.) um að sjóðsstjórn megi ekki lána meira fé úr sjóðnum en svo, að sjóðurinn geti staðið straum af vöxtum og afborgunum af lánum, teknum til starfsemi hans, enda samrýmist þetta ákvæði tæpast rekstrartilhögun sjóðsins.

Um 15. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 16. gr.

Aukið er í greinina, miðað við gildandi lög, ákvæði um að ársreikningar Lánasjóðs skuli samþykktir af sjóðsstjórn.

Um 17. gr.

Í 1. mgr. er gert ráð fyrir, að menntamálaráðuneytið setji í reglugerð frekari ákvæði um framkvæmd laganna, og drepið á fáein meginatriði, sem þar þurfi m. a. að mæla fyrir um. Að ýmsum fleiri atriðum þarf að víkja í reglugerð, og hafa sum verið nefnd í athugasemdum við einstakar greinar hér að framan.

2. mgr. er nýmæli, að því er til laganna tekur. Hún gerir ráð fyrir, að til viðbótar reglugerð komi reglur um smærri atriði úthlutunar, settar af sjóðsstjórn. Þá er og kveðið á um, að úthlutunarreglur sjóðsins í heild skuli gefnar út árlega, svipað og verið hefur í framkvæmd. Þykir eðlilegt að áskilja samþykki menntamálaráðuneytisins.

Um 18. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Hér er gert ráð fyrir, að stefnt verði að því í áföngum á allt að þremur árum að koma á þeirri skipan, að ríkisframlag til sjóðsins í fjárlögum hvert ár miðist m. a. við haustlán á því ári, sbr. aths. við 14. gr."

Fylgiskjöl.

- I. Nokkur atriði varðandi framkvæmdareglur.
- II. Áætlun um fjármagnsþörf til námsaðstoðar úr Lánasjóði ísl. námsmanna samkvæmt nýju aðstoðarkerfi o. fl.
- III. Þróun námsaðstoðar úr Lánasjóði íslenskra námsmanna 1967—73.
- IV. Spá um innstreymi afborgana og vaxta af námslánum, veittum fram til 1973.
- V. Yfirlit um vexti og afborganir af bankalánum Lánasjóðs íslenskra námsmanna 1973—85.
- VI. Opinber fjárhagsaðstoð við námsmenn á Norðurlöndum.

Fylgiskjal I.

NOKKUR ATRIÐI VARÐANDI FRAMKVÆMDAREGLUR

Hér á eftir verður gerð grein fyrir hugmyndum nefndarinnar varðandi nokkur mikilsverð atriði, sem setja þarf ákvæði um í reglugerð eða öðrum úthlutunarreglum. (Tilvísanir í greinar miðast við lagafrumvarpið.)

1. Gildissvið námsaðstoðar (1. gr., 1.—2. mgr.)

Miðað við núverandi skólakerfi mundu eftirtaldir skólar á Íslandi ótvírætt falla undir verksvið Lánasjóðs samkv. 1. gr., 1.—2. mgr. laganna:

Háskóli Íslands,
Tækniskóli Íslands, 1.—3. hluti og meinatæknadeild, svo og væntanlega raf-
tæknadeild að hluta,
Kennaraháskóli Íslands (annað en kennaranám eftir eldri lögum og aðfaranám),
Vélskóli Íslands,
Stýrimannaskólar,
Framhaldsdeild Búnaðarskólans á Hvanneyri.

2. Val fulltrúa „annarra námsmannahópa“ í stjórn Lánasjóðs (3. gr., 1. mgr.)

Við þetta val koma ýmsar leiðir til greina, og verður samkv. frumvarpinu endanleg ákvörðun tekin í samráði við viðkomandi námsmannasamtök. Einn möguleiki á framkvæmd væri sem hér greinir:

Nemendafélög ofangreindra skóla, annarra en Háskóla Íslands, tilnefna hvert einn kjörmann. Síðan kallar menntamálaráðuneytið kjörmennina saman til fundar, og beir kjósa úr sínum hópi aðal- og varamann til 2ja ára. Aðrir kjörmenn hafi áfram hlutverki að gegna sem samráðsaðilar við sjóðsstjórn um málefni, sem varða sérstaklega viðkomandi skóla.

3. Um gagnasöfnun (4. gr., 1. mgr., 2. tl.)

Eigi sjaldnar en á 4ra ára fresti skal stjórn Lánasjóðs gangast fyrir könnun á raunverulegum sundurliðuðum námskostnaði hinna ýmsu hópa íslenskra námsmanna heima og erlendis. Milli slíkra kannana skulu tölur sjóðsins um framfærslukostnað fylgja framfærsluvísitölu í viðkomandi landi sem og hugsanlegum gengisbreytingum. Ef Hagstofan tekur upp útreikning sérstakrar vísitölu um framfærslukostnað námsmanna, á grundvelli könnunar á samsetningu neyslu námsmanna á Íslandi, skal slík vísitala ráða þróun framfærslukostnaðartalna um námsmenn hér á landi.

4. Um starfstilhögun sjóðsins (4. gr.)

Starfsfólk sjóðsins og viðkomandi bankastofnunar vinnur að ákvörðun og útborgun námsaðstoðar í umboði sjóðsstjórnar. Vafatriði og hugsanleg tilefni til nýmæla skulu jafnan borin undir sjóðsstjórn.

Stjórnarmenn skulu gera úrtaksathuganir á úthlutun eftir ástæðum.

5. Fjarbýlisstyrkir (5. gr.)

Styrkirnir skulu ákvarðaðir m. a. með hliðsjón af eftirfarandi liðum umframkostnaðar vegna fjarbýlis:

- a. Húsnæðiskostnaður.
- b. Fæðiskostnaður umfram slíkan kostnað í heimahúsum.
- c. Ferðakostnaður. Að svo stöddu skal miðað við tvær ferðir á ári milli foreldrahúsa og námsstaðar fyrir námsmenn, sem stunda nám innanlands, en fjarri foreldrahúsum. Fyrir námsmenn erlendis skal að svo stöddu miðað við eina ferð á ári fram og til baka.
- d. Skólagjöld. Miðað skal við raunveruleg skólagjöld. Einstaklingsbundin gjöld skulu nema tiltekinni lágmarksupphæð til þess að tekið sé tillit til þeirra. Séu skólagjöld mjög há og teljist unnt að stunda hliðstætt nám með ódýrari hætti, er eigi skylt að taka skólagjöldin að fullu inn í reikninginn.

Þegar og ef ákvæði 5. gr., 2. mgr., koma til framkvæmda, skulu styrkir samkvæmt þeim ákveðnir með hliðsjón af þeim ofangreindum atriðum, sem eiga við um viðkomandi námsmenn. Námsmaður, sem sækir um styrk samkvæmt þessum ákvæðum, skal sjálfur færa sönnur á þær félagslegu aðstæður, sem hann telur réttlæta styrk.

Styrkir skulu nema tilteknum hundradshluta af þeim umframkostnaði, sem um ræðir hér að framan, eftir því sem fjárveiting leyfir. Eðlilegt er, að hundradshlutinn verði fyrst í stað eigi lægri en 75% og eigi hærri en 90%.

Umsóknir um styrki skulu gerðar á sérstökum eyðublöðum, sem eiga einnig við um A-lán.

6. Um framfærslukostnað (6. gr.)

Við ákvörðun lána skal reikna út framfærslukostnað námsmanns og fjölskyldu hans. Sérstök tala gildir um framfærslu- og námskostnað einstaklings á hverjum námsstað. Við þá tölu bætist síðan ákveðinn hundradshluti eftir fjölda barna á framfæri námsmannsins. Ef maki námsmanns telst ekki geta unnið fyrir sér, t. d. vegna barnafjölda eða veikinda, skal einnig tekið tillit til framfæris hans.

Fjarbýlisstyrkir skv. 5. lið hér að framan dragast síðan frá framfærslukostnaði.

7. Um meðferð tekna (6. gr.)

Við mat á því, hversu mikill hluti vinnutekna í leyfum og með námi nýtist námsmanni til að standa straum af námskostnaði, skal m. a. taka tillit til skatta og þess kostnaðar, sem námsmaður kann að þurfa að leggja í við öflun teknanna.

Ýmsar leiðir eru til að framkvæma ofangreint mat, og var ekki full samstaða í nefndinni um hvernig því skuli haga. Til greina kemur að hafa til viðmiðunar tiltekna lágmarkstekjur, sem ákveðnar séu með hliðsjón af launatöxtum ófaglæðra starfsmanna og atvinnuástandi í viðkomandi landi á hverjum tíma, svo og lengd námsleyfis. Frá þeim hluta nettótekna, sem er umfram lágmarkstekjur, væri síðan dreginn ákveðinn hundradshluti vegna þeirra atriða, sem að ofan greinir. Kanna þarf, m. a. með tilliti til þess, hvort núverandi framfærslukostnaðartölur séu raunhæfar, hver sá hundradshluti ætti að vera. Nefndarmenn voru sammála um, að sá frádráttur, sem tíðkast hefur við svonefndan umreikning tekna námsmanna, sé of umfangsmikill og þurfi endurskoðunar við, einkum með tilliti til þeirra breytinga, sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Tekjur, sem kosta ekki vinnuframlag af hálfu námsmanns, skulu koma óskertar til útreiknings.

Um aðrar tekjur, þ. á m. tekjur maka, fer eftir eðli þeirra og nánari reglum þar um.

8. Um meðferð eigna (6. gr.)

Ákveðinn hundradshluti, t. d. 10%, af skuldlausri eign námsmanns bætist við tekjur við útreikning námslána.

9. Um ákvörðun A-láns (6. gr.)

„Umframfjárbörf A“ er mismunur framfærslukostnaðar skv. 6. lið og tekna til námsnota skv. 7. lið. A-lán reiknast sem ákveðinn hundradshluti umframfjárbarf A, og skal hann fyrst í stað eigi vera lægri en 60% og eigi hærri en 75%.

10. Um tillit til foreldra við ákvörðun B-lána (6. gr.)

Taka skal tillit til tekna foreldra námsmanns, sem hafa ekki önnur börn á framfæri sínu, ef þær eru hærri en meðaltekjur kvæntra/giftra framteljenda í landinu, og skal þá miðað við brúttótekjur á síðasta skattframtali. Fyrir hvert barn

annað, sem er á skylduframfæri foreldra eða við nám, þar sem gera verður ráð fyrir fjárhagsstuðningi foreldra, skal ákveðin upphæð bætast við fyrrgreinda upphæð lágmarkstekna. 10% af tekjum foreldra umfram lágmarkið reiknast sem framlag til námsmannsins. Dregst það síðan, ásamt A-láni og hugsanlegum fjarbýlisstyrk, frá umframfjárbörf A, og fæst þá „umframfjárbörf B“.

10% af skuldlausri eign foreldra umfram 2 milljónir króna bætast við tekjur í fyrrgreindum útreikningi.

11. Um B-lán (6. gr.)

B-lán skulu nema allri umframfjárbörf B skv. framansögðu, ef hún reynist vera fyrir hendi.

Námsmenn skulu sækja um B-lán á sérstökum eyðublöðum, þar sem m. a. skal gera ráð fyrir nauðsynlegum upplýsingum um fjárhag foreldra. Lánasjóði skal einnig gefinn kostur á að sannreyna þessar upplýsingar með samanburði við skattframtal foreldra. Námsmaður, sem sækir um B-lán, skal einnig gera grein fyrir þörf sinni fyrir aðstoð umfram hugsanlegan fjarbýlisstyrk og A-lán.

Ef námsmaður getur fært óbyggjandi sönnur á að hann eigi ekki kost á fjárhagsstuðningi frá foreldrum, skal ekki tekið tillit til fjárhagsaðstæðna þeirra við ákvörðun B-lána, enda geri foreldrar þá ekki ráð fyrir framlagi til námsmannsins á skattframtali sínu.

Ekki skal tekið tillit til fjárhags foreldra ef námsmaður hefur náð 26 ára aldri, eða hann hefur unnið algerlega fyrir sér samfleytt í 3 ár án stuðnings frá Lánasjóði eða öðrum opinberum aðilum.

12. Um endurgreiðslu lána (7. gr.)

Reglugerðarákvæði um endurgreiðslur verði þannig, að hvert áætlunartímabil sé ekki styttra en 3 ár; í fyrstu virðist raunar rétt að miða við 5 ár. Þó geti síðasta áætlunartímabil orðið skemmra, eftir því sem eftirstöðvar skuldarinnar segja til um.

Árleg greiðsla skal á hverjum tíma liggja innan tiltekinna marka, er séu miðuð við það ákvæði laganna, að meiri hluti lántaka hafi greitt lán sín að fullu innan 12 ára frá upphafi greiðslna.

Við ákvörðun árlegrar greiðslu skal að öðru jöfnu hafa hliðsjón af tekjuhorfum í viðkomandi starfsstétt á hverjum tíma.

13. Framvinda náms (9. gr.)

Skilyrði til fjárhagsaðstoðar á 1. námsári er, að umsækjandi leggi fram skilríki um innritun frá viðkomandi námsstofnun.

Námsmenn við nám á Íslandi fá ekki fjárhagsaðstoð greidda, nema fyrir liggja staðfesting skóla á námsárangri (prófum) eða námsástundun (tímasókn), samkvæmt nánari reglum.

Fjárhagsaðstoð á síðari námsárum er háð því skilyrði, að umsækjandi leggi fram skilríki frá viðkomandi námsstofnun um tilskilin próf eða námsástundun. Námsmaður missir þó ekki rétt til fjárhagsaðstoðar, þótt hann tefjist í námi um allt að eitt ár á námsferli sínum, miðað við áætlun skóla um námslengd.

14. Breyting lánakjara, þegar námsmaður lýkur ekki námi (9. gr., 3. mgr.)

Framkvæmd þessa ákvæðis verði sem hér segir:

Meta skal staðfestan námsárangur til námsára, miðað við áætlun skóla um námslengd. Hafi námsmaður fengið fjárhagsaðstoð lengur en sem því nemur, skal sá hluti aðstoðarinnar, sem svarar til umframtímans, lagður til grundvallar ákvörðun um breytingu lánakjara.

Fylgiskjal II.

ÁÆTLUN UM FJÁRMAGNSPÖRF TIL NÁMSAÐSTOÐAR ÚR LÁNASJÓÐI ÍSLENSKRA NÁMSMANNA, SAMKVÆMT NÝJU AÐSTOÐARKERFI

1. Áhrif á úthlutun 1972—3.

Í þessum kafla verður gerð grein fyrir því, hver áhrif lagafrumvarpið og nokkrar hugmyndir um framkvæmd þess (sbr. fskj. I um framkvæmdareglur) hefðu haft á heildartölur við úthlutun yfirstandandi námsárs.

Við þessa úthlutun var samanlagður framfærslukostnaður lánþega 661 milljón króna (m.kr.). Heildartekjur til námsnota námu 253 m.kr., og umframfjárförf var því samtals 408 m.kr. Veitt lán námu 77.8% umframfjárfarfar eða 318 m.kr. Hér við bætast ferðastyrkir til námsmanna erlendis, sem munu hafa numið um 16 m.kr. Aðstoðin var því samtals 334 m.kr. Fjöldi lánþega var 2813, þar af 865 erlendis, 600 í foreldrahúsum á Íslandi, 561 í námi á Íslandi fjarri foreldrahúsum (hópur A) og 787, sem eiga foreldrahús eða heimili á námsstað og búa utan foreldrahúsa (hópur B).

Samanlagður umframkostnaður vegna fjarbýlis (námsmenn erlendis og hópur A) nam 123 m.kr. (103 m.kr. erl. og 20 m.kr. í hópi A). Er sú tala fengin með því að leggja saman framfærslukostnað námsmannanna sem einstaklinga á viðkomandi námsstað og draga frá þann kostnað, sem þeim hefði reiknast, ef þeir væru í foreldrahúsum. Þessi tala kemur því til viðmiðunar við ákvörðun styrkja skv. frv., mgr. 5.1., og yrðu styrkir tiltekinn hundradshluti hennar.

Áætlaður umframkostnaður námsmanna í hópi B vegna þess að þeir búa utan foreldrahúsa er u. þ. b. 8 m.kr. Er þá miðað við, að ca. 60% þeirra mundu eiga rétt á einhverjum styrk og hann mundi nema að meðaltali helmingi umframkostnaðar námsmanna fjarri foreldrahúsum, að frádrögnum ferðakostnaði þeirra. Talan 8 m.kr. yrði því viðmiðunarupphæð um styrki skv. mgr. 5.2 í frumvarpinu, ef hún kæmi til framkvæmda.

Heildarfjárförf lánþega við síðustu úthlutun nam sem fyrr segir 408 m.kr. að viðbættum ferðastyrkjum, að upphæð 16 m.kr., eða samtals 424 m.kr. (Ferðastyrkir mega teljast fullnægja þeirri þörf, sem þeim er ætlað að mæta, þ. e. ferðakostnaði námsmanna erlendis) Fjárförf til lána ákvarðast af þessari tölu, að frádrögnum heildarupphæð styrkja skv. þeim hundradshluta, sem ákveðinn verður um þá. A-lán yrðu tiltekinn hundradshluti af þessum mismun.

Vandasamast er að áætla, hver heildarupphæð B-lána hefði orðið, vegna viðmiðunarinnar við tekjur foreldra námsmanna, en um þær liggja ekki fyrir neinar traustar upplýsingar. Með hliðsjón af hugmyndum nefndarinnar um framkvæmdareglur í fskj. I hér að framan er giskað á, að reiknað meðalframlag frá foreldrum til násmanns hefði verið miðað við 20 þús. kr., og mundi þá heildarfrádráttur í fjárförf vegna þessa atriðis hafa numið u. þ. b. 56 m.kr. Hér er þó um óvissa tölu að ræða, og getur reynslan ein skorið endanlega úr um réttmæti hennar.

Reiknaðar tekjur námsmanna til námsnota við síðustu úthlutun námu að meðaltali 90 þús. kr. Skv. þeim reglum, sem þá giltu um mat vinnutekna, samsvarar þetta 130—140 þús. kr. í meðalbrúttótekjum til skatts. Ef reglum um mat vinnutekna væri breytt þannig, að þriðjungur brúttótekna umfram lágmarkstekjur kæmi til frádráttar í tekjum til námsnota, mundu þær hafa reiknast u. þ. b. 110 þús. kr. að meðaltali, og hefði það haft í för með sér u. þ. b. 56 m.kr. hækkun tekna til námsnota og jafnmikla lækun umframfjárfarfar. Tekið skal fram, að hér er um tiltölulega grófa áætlun að ræða.

Hér fer á eftir tafla, sem sýnir heildarupphæð og sundurliðun námsaðstoðar skv. nokkrum valkostum um hlutfallstölur styrkja og A-lána af viðmiðunartölum hvors um sig:

Tafla 1. Heildarfjármagn og skipting þess skv. nokkrum valkostum.

Valkostur nr.	Styrkir %	A-lán %	Styrkir mkr.	A-lán mkr.	B-lán mkr.	Aðstoð alls mkr.
1.		78	16	318	0	334
2.		100	16	408	0	424
3a.	75	60	92	199	77	368
3b.	75	60	98	196	74	368
3c.	75	60	92	166	54	312
4a.	90	65	111	203	54	368
4b.	90	65	118	199	51	368
4c.	90	65	111	167	34	312

Skýringar:

- Hlutfallstala styrkja miðast við umframkostnað vegna fjarbýlis, sjá hér að framan.
- Hlutfallstala A-lána miðast við heildarumframfjárbörf (hér 424 eða 368 m.kr.) að frádreginni heildarupphæð styrkja samkvæmt hverjum valkosti fyrir sig. B-lán fást með því að draga 56 m.kr., sem eru áætluð framlög foreldra, frá þeirri umframfjárbörf, sem eftir er, þegar styrkir og A-lán hafa verið dregin frá.
- Valkostur 1 lýsir úthlutun 1972—3 eins og hún varð í raun. Talan um styrki táknað ferðastyrki til námsmanna erlendis, en þeir voru ekki ákveðnir sem hlutfallstala.
- Valkostur 2 miðast við, að veitt hefðu verið 100% umframfjárþarfar samkvæmt nógildandi lögum og reglum.
- Valkostir 3—4 lýsa úthlutun 1972—3 eins og hún hefði orðið skv. mismunandi framkvæmd á hinu nýja frumvarpi.
- Í valkostum a eru styrkir aðeins reiknaðir skv. mgr. 5.1. í frv. Tekjumati er óbreytt frá eldri reglum.
- Í valkostum b eru teknir með styrkir skv. mgr. 5.2., sjá hér að framan, en tekjumati er óbreytt.
- Í valkostum c er reiknað með styrkjum skv. mgr. 5.1, en tekjumati breytt frá nógildandi umreikningi, eins og lýst er hér að framan.

Athugasemdir.

Eins og getið er hér að framan, eru tölur töflunnar um upphæðir B-lána sérlega óvissar. M. a. má gera ráð fyrir, að mismunur B-lána skv. valkostum 3 annars vegar og valkostum 4 hins vegar yrði í raun nokkru minni en taflan sýnir, þannig að heildarupphæð skv. valkostum 4 yrði í raun nokkru meiri en skv. valkostum 3.

Samandregið má segja, að taflan sýni, að fjármagnsbörfin skv. frumvarpinu hefði orðið á milinu 310—370 m.kr. og færi eftir ýmsum framkvæmdaratriðum, sem ekki er kveðið á um í frv. Spurningum um hækkun eða lækkun heildarfjárþarfar verður því ekki svarað til hlítar með tilvísun í frumvarpið sjálft, heldur veltur svarið á framkvæmdinni.

2. Líkan um fjölda námsaðstoðarþega fram til 1980.

Nefndin hefur ekki treyst sér til að gera marktæka spá um þróun fjármagns þarfar til námsaðstoðar samkvæmt frumvarpinu eða nógildandi lögum. Slík spá yrði óhjákvæmilega háð mjög mörgum óvissum atriðum, s. s. þróun verðlags og kaupgjalds, skiptingu aðstoðarþega á mismunandi hópa eftir kostnaði, þróun náms-

mannafjölda og eftirspurnar eftir aðstoð o. s. frv. Nefndin hefur því látið nægja að gera áætlun eða öllu heldur líkan um einn þessara þátta, þ. e. um fjölda námsaðstoðarþega. Þessi þáttur er raunar e. t. v. mikilvægastur, a. m. k. ef menn vilja fyrst og fremst fá hugmynd um hlutfallslega þróun námsaðstoðarinnar miðað við óbreytt verðlag.

Líkan nefndarinnar um þróun fjölda aðstoðarþega er einkum byggt á tveim forsendum. Í fyrsta lagi er reynt að segja fyrir um líklegan fjölda nýrra (1. árs) aðstoðarþega á hverju ári fram til 1980. Í öðru lagi er síðan gert líkan um líklega hlutfallslega þróun árgangsins á leið hans gegnum námsaðstoðarkerfið.

Fjöldi aðstoðarþega á fyrsta ári er áætlaður á svipaðan hátt og fjöldi nýstúdententa er áætlaður í „Spá um nemendafjölda við Háskóla Íslands fram til 1980 eftir deildum“, sem Hagrannsóknadeild Framkvæmdastofnunar gaf út sem handrit í júlí 1972. Tekið er mið af stærð 19 ára árgangs á viðkomandi ári og líklegum fjölda nýstúdententa, sem raunar er byggður á fyrri tölunni. Áætlað er, að fjöldi aðstoðarþega á fyrsta ári verði u. þ. b. 20% meiri en fjöldi nýstúdententa á sama almanaksári, og er sú tala ákveðin með hliðsjón af reynslu síðustu ára. Með þessu er alls ekki sagt, að hlutur annarra en nýstúdententa sé ekki meiri en þessi 20%, því að margir nýstúdentar fá ekki aðstoð. Hins vegar er ljóst, að nokkur tengsl hljóta að vera milli nýstúdentafjöldans og fjölda aðstoðarþega á 1. ári. Þessi áætlunaraðferð er annars óháð því, hvaða aðstoðarhæft nám 1. ársmenn velja sér. Einnig tekur aðferðin tillit til sveiflna í stærð árganga.

Aðferðinni er annars best lýst með eftirfarandi töflu.

Tafla 2. Áætlun um fjölda aðstoðarþega á 1. ári.

Ár, sem nám hefst	Fjöldi í 19 ára árgangi (A)	Fjöldi nýstúdententa í % af A	Fjöldi aðstoðarþega á 1. ári (B)	B í % af A
1969	3 860	12,4	349	9,0
1970	3 800	14,6	481	12,7
1971	3 880	15,0	641	16,5
1972	4 100	18,7	945	23,0
1973	4 130	18,9	950	23
1974	4 260	24,4	1 280	30
1975	4 380	21,6	1 140	26
1976	4 520	23	1 260	28
1977	4 430	24	1 280	29
1978	4 610	25	1 380	30
1979	4 630	26	1 440	31
1980	4 410	26	1 370	31

Skýringar og athugasemdir.

- Tölur um árin 1969—72 eru reyndartölur, en aðrar tölur í töflunni eru áætlaðar og verða auðvitað ótraustari eftir því sem á liður.
- Fjöldi nýstúdententa 1973—75 er áætlaður með hliðsjón af fjölda núverandi menntaskólanema, sbr. fyrrnefnda spá Hagrannsóknadeildar.
- Hlutfallstala nýstúdententa af 19 ára árgangi 1976—80 er áætluð á svipaðan hátt og í spánni, og farið nærri hæsta valkostinum, sem þar er settur fram.

Hlutfallslegar breytingar á fjölda í hverjum árgangi námsaðstoðarþega milli námsára eru áætlaðar með hliðsjón af reynslu síðustu ára. Niðurstöðurnar eru sýndar í eftirfarandi töflu.

Tafla 3. Áætlaður hlutfallslegar breytingar á fjölda aðstoðarþega í hverjum árgangi.

Námsár	Áætluð hlutfallstala
1.	100
2.	100
3.	90
4.	80
5.	60
6.	40
7.	15

Áætluð meðalnámslegnd aðstoðarþega er skv. þessu líkani 4.85 ár.

Að fengnum þeim tveim forsendum, sem felast í töflum 2 og 3 er auðvelt að áætla heildarfjölda aðstoðarþega eins og sýnt er í töflu 4 hér á eftir. Tölur árin 1969—73 í töflunni eru reyndartölur, og tölurnar fyrir neðan skástrikið eru áætlaðar á grundvelli þeirra skv. líkaninu í töflu 3. Rekja má hvern árgang í töflunni með því að fylgja tölunum á ská niður á við til hægri eða eins og skrástrikið stefnir.

Tafla 4. Líkan um fjölda námsaðstoðarþega.

Námsár	69/0	70/1	71/2	72/3	73/4	74/5	75/6	76/7	77/8	78/9	79/0	80/1
1.	349	481	641	915	950	1 280	1 140	1 260	1 280	1 380	1 440	1 370
2.	274	357	505	670	945	950	1 280	1 140	1 260	1 280	1 380	1 440
3.	276	296	320	480	605	850	860	1 150	1 050	1 130	1 150	1 240
4.	211	242	271	345	425	540	755	760	1 020	910	1 010	1 020
5.	170	174	215	210	260	320	405	565	570	770	680	760
6.	92	128	122	120	140	175	215	270	375	380	510	460
7.	34	41	39	40	45	55	65	80	100	140	140	190
Alls	1 406	1 719	2 113	2 810	3 370	4 170	4 720	5 225	5 650	5 990	6 310	6 480

Athugasemdir.

Eins og taflan sýnir má gera ráð fyrir, að fjöldi námsaðstoðarþega geri betur en að tvöfaldast á áætlunartímabilinu og vaxi tiltölulega hraðast fyrstu árin. Gera verður ráð fyrir, að raungildi heildaraðstoðar vaxi ekki síður. Eigin tekjur Lánasjóðs (afborganir og vextir af fyrri lánnum) vega hér nokkuð á móti, sbr. fskj. IV, en raungildi þeirra er að sjálfsögðu komið undir verðlagsþróun á tímabilinu.

Rétt er að benda á, að eftir áætlunartímabilið má búast við mun hægari fjölgun aðstoðarþega, þar sem stækkun árganga 1. árs manna verður þá að mestu gengin fram.

Fylgiskjal III.

PRÓUN NÁMSAÐSTOÐAR ÚR LÁNASJÓÐI ÍSLENSKRA NÁMSMANNA 1967—73.

(Yfirlitið tekur ekki til ferðastyrkja, en sérstakt yfirlit er um kandiðatstyrki.)

ALLIR NÁMSMENN Á ÍSLANDI

F = Framfærslukostnaður alls (þús. kr.).

T = Tekjur til námsnota alls (þ.e. umreiknaðar tekjur, þús. kr.).

U = Umframkostnaður alls (þ. e. F-T, þús. kr.).

L = Lán alls (þús. kr.).

Tölur í svigum eru meðaltöl.

Ár	F	T	U	L	L í % af U	Tala lána
'67—'68	59.889 (111.9)	31.084 (58.1)	28.805 (53.8)	12.647.0 (23.6)	43.9	535
'68—'69	84.011 (132.9)	37.079 (58.7)	46.932 (74.3)	21.257.5 (33.6)	45.3	632
'69—'70	106.755 (136.0)	44.858 (57.1)	61.897 (78.8)	30.762.5 (39.2)	49.7	785
'70—'71	157.510 (157.8)	67.734 (67.9)	89.776 (90.0)	55.825.0 (55.9)	62.2	998
'71—'72	227.382 (179.3)	89.405 (70.5)	137.977 (108.8)	107.330.0 (84.6)	77.8	1.268
'72—'73	418.708 (214.9)	185.435 (95.2)	233.273 (119.8)	179.665.0 (92.2)	77.0	1.948

ALLIR NÁMSMENN ERLENDIS

Ár	F	T	U	L	L í % af U	Tala lána
'67—'68	63.916 (129.9)	20.376 (41.4)	43.540 (88.5)	18.462.0 (37.5)	42.4	492
'68—'69	108.124 (194.1)	27.371 (49.1)	80.753 (145.0)	40.660.0 (73.0)	50.4	557
'69—'70	118.646 (191.1)	35.798 (57.6)	82.848 (133.4)	44.760.0 (72.1)	54.0	621
'70—'71	149.210 (206.9)	41.658 (57.8)	107.552 (149.2)	68.255.0 (94.7)	63.5	721
'71—'72	197.738 (234.0)	48.254 (57.1)	149.484 (176.9)	115.250.0 (136.4)	77.1	845
'72—'73	242.715 (280.6)	67.592 (78.1)	175.123 (202.5)	138.145.0 (159.7)	78.9	865

Skipting íslenzkra námsmanna erlendis á námslönd.

	Danmörk	Noregur	V.-Þýzkaland	Svíþjóð	England	Skotland	Bandaríkin	Frakkland	Önnur lönd	Alls
'67—'68	112	87	86	42	45	42	22	19	37	492
%	22.8	17.7	17.5	8.5	9.1	8.5	4.5	3.9	7.5	100.0
'68—'69	119	106	95	57	50	37	40	15	38	557
%	21.4	19.0	17.1	10.2	9.0	6.6	7.2	2.7	6.8	100.0
'69—'70	129	114	108	91	49	37	37	16	40	621
%	20.8	18.3	17.4	14.6	7.9	6.0	6.0	2.6	6.4	100.0
'70—'71	169	114	97	132	58	43	35	33	40	721
%	23.4	15.8	13.5	18.3	8.0	6.0	4.9	4.6	5.5	100.0
'71—'72	202	131	100	146	73	33	65	34	61	845
%	23.9	15.5	11.8	17.3	8.7	3.9	7.7	4.0	7.2	100.0
'72—'73	216	151	90	165	90	34	55	31	33	865
%	25.0	17.5	10.4	19.1	10.4	3.9	6.4	3.6	3.7	100.0

ALLIR NÁMSMENN HEIMA OG ERLENDIS

Ár	F	T	U	L	Lí % af U	Tala lána
'67—'68	123.805 (120.6)	51.460 (50.1)	72.345 (70.4)	31.109.0 (30.3)	43.0	1.027
Vísitala	100.0	100.0	100.0	100.0	100.0	100.0
'68—'69	192.135 (161.6)	64.450 (54.2)	127.685 (107.4)	61.917.5 (52.1)	48.5	1.189
Vísitala	134.0	108.2	152.6	171.9	112.8	115.8
'69—'70	225.401 (160.3)	80.656 (57.4)	144.745 (102.9)	75.522.5 (53.7)	52.2	1.406
Vísitala	132.9	114.6	146.2	177.2	121.4	136.9
'70—'71	306.720 (178.4)	109.392 (63.6)	197.328 (114.8)	124.080.0 (72.2)	62.9	1.719
Vísitala	147.9	126.9	163.1	238.3	146.3	167.4
'71—'72	425.120 (201.2)	137.659 (65.1)	287.461 (136.0)	222.580.0 (105.3)	77.4	2.113
Vísitala	166.8	129.9	193.2	347.5	180.0	205.7
'72—'73	661.423 (235.1)	253.027 (89.9)	408.396 (145.2)	317.810.0 (113.0)	77.8	2.813
Vísitala	194.9	179.4	203.3	372.9	180.9	273.9

**FJÁRMÖGNUN NÁMSKOSTNAÐAR.
NÁMSMENN Á ÍSLANDI.**

Ár	Framf.kostn.	Tekjur til námsn.	Lán	Önnur fjáröfl.
'67—'68	59.889	31.084	12.647.0	16.158.0
	100.0%	51.9%	21.1%	27.0%
'68—'69	84.011	37.079	21.257.5	25.674.5
	100.0%	44.1%	25.3%	30.6%
'69—'70	106.755	44.858	30.762.5	31.134.5
	100.0%	42.0%	28.8%	29.2%
'70—'71	157.510	67.734	55.825.0	33.951.0
	100.0%	43.0%	35.4%	21.6%
'71—'72	227.382	89.405	107.330.0	30.647.0
	100.0%	39.3%	47.2%	13.5%
'72—'73	418.708	185.435	179.665.0	53.608.0
	100.0%	44.3%	42.9%	12.8%

NÁMSMENN ERLENDIS.

Ár	Framf.kostn.	Tekjur til námsn.	Lán	Önnur fjáröfl.
'67—'68	63.916	20.376	18.462.0	25.078.0
	100%	31.9%	28.9%	39.2%
'68—'69	108.124	27.371	40.660.0	40.093.0
	100%	25.3%	37.6%	37.1%
'69—'70	118.646	35.798	44.760.0	38.088
	100%	30.2%	37.7%	32.1%
'70—'71	149.210	41.658	68.255.0	39.297.0
	100%	27.9%	45.7%	26.4%
'71—'72	197.738	48.254	115.250.0	34.234.0
	100.0%	24.4%	58.3%	17.3%
'72—'73	242.715	67.592	138.145.0	36.978.0
	100.0%	27.8%	56.9%	15.3%

ALLIR NÁMSMENN.

Ár	Framf.kostn.	Tekjur til námsn.	Lán	Önnur fjáröfl.
'67—'68	123.805	51.460	31.109.0	41.236.0
	100.0%	41.6%	25.1%	33.3%
'68—'69	192.135	64.450	61.917.5	65.767.5
	100.0%	33.6%	32.2%	34.2%
'69—'70	225.401	80.656	75.522.5	69.222.5
	100.0%	35.8%	33.5%	30.7%
'70—'71	306.720	109.392	124.080.0	73.248.0
	100.0%	35.6%	40.5%	23.9%
'71—'72	425.120	137.659	222.580.0	64.881.0
	100.0%	32.4%	52.3%	15.3%
'72—'73	661.423	253.027	317.810.0	90.586.0
	100.0%	38.3%	48.0%	13.7%

Vísitölur námslána í hlutfalli við framfærslukostnað

	Námsmenn á Íslandi		Námsmenn erlendis		Allir náms- menn	
	F	L	F	L	F	L
'67—'68	59.889	12.647.0	63.916	18.462.0	123.805	31.109.0
L í % af F		21.1		28.9		25.1
Vísitala		100.0		100.0		100.0
'68—'69	84.011	21.257.5	108.124	40.660.0	192.135	61.917.5
L í % af F		25.3		37.6		32.2
Vísitala		119.9		130.1		128.3
'69—'70	106.755	30.762.5	118.646	44.760.0	225.401	75.522.5
L í % af F		28.8		37.7		33.5
Vísitala		136.5		130.5		133.5
'70—'71	157.510	55.825.0	149.210	68.255.0	306.720	124.080.0
L í % af F		35.4		45.7		40.5
Vísitala		167.8		158.1		161.3
'71—'72	227.382	107.530.0	197.738	115.250.0	425.120	222.580.0
L í % af F		47.2		58.3		52.3
Vísitala		223.7		201.7		207.9
'72—'73	418.708	179.665.0	242.715	138.145.0	661.423	317.810.0
L í % af F		42.9		56.9		48.0
Vísitala		203.3		196.9		191.2

SKIPTING ÍSLENZKRA NÁMSMANNA ERLENDIS
EFTIR NÁMSGREINUM

Mjög skyldar greinar eru settar undir eitt heiti, t. d. dýrafræði, grasfræði o. fl. undir náttúrufræði, lífefna- og lífeðlisfræði með líffræði, haffræði með fiskifræði, húsgagnateikun með hýbýlafræði o.s. frv.

Námsgreinar	'67-'68	'68-'69	'69-'70	'70-'71	'71-'72	'72-'73
1. Guðfræði	-	-	-	-	3	3
2. Lögfræði	-	-	-	-	4	1
3. Sagnfræði	9	8	10	11	15	12
4. Listasaga	10	7	11	11	10	3
5. Fornleifafræði	3	5	4	5	6	11
6. Heimspeki	2	3	7	6	9	6
7. Sálarfræði	20	8	22	26	39	39
8. Hagfræði	15	27	24	28	40	40
9. Félagsfræði	16	18	28	25	28	30
10. Tungumál og bókm.	34	27	33	41	60	56
11. Bókasafnsfræði	1	2	4	4	5	6
12. Leikhúss- og þjóðh.fr.	6	8	7	8	13	14
13. Uppe.- og kennslufr.	7	11	8	16	19	40
14. Félagsráðgjöf	2	2	4	9	14	22
Samtals	125	126	162	190	265	283

2. Raungreinar.

Námsgreinar	'67-'68	'68-'69	'69-'70	'70-'71	'71-'72	'72-'73
1. Stærðfræði	7	14	18	17	16	20
2. Eðlis- og efnafraði	26	34	40	36	49	41
3. Náttúrufræði	10	15	9	5	4	12
4. Líffræði	4	3	6	16	14	19
5. Fiskifræði	6	7	7	8	7	4
6. Jarðfræði	12	10	10	8	4	12
7. Veðurfræði	3	3	4	4	4	2
8. Læknisfræði	2	2	3	11	15	17
9. Tannlækningar	22	30	16	17	13	8
10. Lyfjafraði	13	9	5	6	11	15
11. Dýralækningar	9	11	12	15	18	17
12. Verkfræði	67	94	127	152	130	112
13. Tækni-fræði	72	79	65	80	90	96
14. Húsagerðarlist	34	45	51	45	55	55
15. Hábýlafraði	8	4	8	8	7	12
16. Landbúnaðarfræði	16	13	15	16	17	17
17. Mjólkurfræði	3	3	7	7	3	1
18. Garðyrkja	2	3	1	2	2	3
19. Skógrækt	3	1	1	2	2	1
Samtals	319	380	405	455	461	464

3. Listgreinar.

Námsgreinar	'67-'68	'68-'69	'69-'70	'70-'71	'71-'72	'72-'73
1. Tónlist	11	15	15	16	25	26
2. Málalílist	6	4	4	4	8	8
3. Myndlist	7	10	8	6	4	6
4. Sönglist	7	4	3	3	6	5
5. Leiklist	-	-	-	-	2	6
6. Lístdans	1	2	1	2	3	1
7. Kvikmyndagerð	3	1	3	3	4	6
8. Lístiðnaður	3	1	6	7	2	7
Samtals	38	37	40	41	54	65

4. Annað.

Námsgreinar	'67-'68	'68-'69	'69-'70	'70-'71	'71-'72	'72-'73
1. Sjúkraþjálfun	4	10	8	13	26	25
2. Bláçamennska	3	-	2	-	-	2
3. Auglýsingateiknun	2	4	4	-	1	4
4. Hótelrekstur	1	-	-	2	5	2
5. Iðnhönnun	-	-	-	20	20	4
6. Flugvirkjun	-	-	-	20	20	4
7. Menntaskólanám	-	-	-	-	3	3
Samtals	10	14	14	35	65	53
Alls	492	557	621	721	845	865

KANDÍDATASTYRKIR 1967—1973

1. Úthlutun.

	Umsækj- endur	Þar af		Afgreiðsla gilda umsókna		Upphæð 1000 kr.
		gildar umsóknir	Synjað	Lán	Veitt	
1967—1968	44	41	11	10	22	1 100
1968—1969	31	30	7	3	20	1 780
1969—1970	57	55	21	12	22	2 080
1970—1971	41	38	5	5	28	3 450
1971—1972	69	68	14	11	43	6 375
1972—1973	104	103	11	26	66	10 440

2. Upplýsingar um upphæðir einstakra styrkja.

- a. Árið 1967—68 voru allir styrkirnir kr. 50 þús.
- b. Árið 1968—69 voru 11 styrkir á 80 þús. kr. og 9 á kr. 100 þús.
- c. Árið 1969—70 voru 16 styrkir á kr. 85 þús. og 6 styrkir á kr. 120 þús.
- d. Árið 1970—71 voru 5 styrkir á kr. 50 þús., 5 styrkir á kr. 100 þús. og 18 styrkir á kr. 150 þús.
- e. Árið 1971—72 voru veittir 5 styrkir á kr. 50 þús., 13 á kr. 100 þús., 11 á kr. 150 þús., 8 á kr. 200 þús. og 6 á kr. 250 þús.
- f. Árið 1972—73 voru veittir 12 styrkir á bilinu 50—100 þús. kr., 36 styrkir á bilinu 100—200 þús. kr., og 18 styrkir á bilinu 200—300 þús. kr.

Fylgiskjal IV.

SPÁ UM INNSTREYMI AFBORGANA OG VAXTA AF NÁMSLÁNUM, VEITTUM FRAM TIL 1973.

(Tekin saman af Árna Ól. Lárussyni, framkvæmdastjóra Lánasjóðs ísl. námsmanna).

Meginforsenda spár þeirrar, sem hér er fram sett, er sú, að heildarupphæð lána hvert ár skiptist jafnt milli námsmanna eftir námsárum. Öllum lánveitingum fyrir 1968 er skipt jafnt á sex staði og lánin gerð afborgunarkræf 3 til 8 árum eftir að lánveiting fer fram, en afborgunarlaus biðtími var þá þrjú ár. Með öðrum orðum er gert ráð fyrir að allir námsmenn stundi nám í sex ár. Lánveitingum 1968 og síðar var hins vegar skipt í fimm staði og gerð afborgunarkræf fimm til nfu árum síðar, en afborgunarlaus biðtími veittra lána þann tíma er fimm ár.

Var forsenda þessi valin, eftir að bornar höfðu verið saman endurgreiðslur lána tímabilið 1955 til 1972 og niðurstöður útreikninga fyrir sama tímabil, sem byggðir voru á framansögðu. Lánveitingum eftir 1967 er skipt í færri staði, þar sem margt bendir til þess, að námstími manna sé almennt að styttest, svo og þar sem eftir þennan tíma koma inn í lánakerfið hópar námsmanna í stuttu námi.

Þrens konar afborgunarkjör eru á útistandandi lánum.

Í fyrsta lagi endurgreiðast lánin, sem veitt voru 1961 og fyrr, með jöfnum afborgunum á 10 árum. Þau eru vaxta- og afborgunarlaus á meðan á námi stendur og þrjú ár eftir að námi lýkur. Vextir, 3½%, reiknast frá fyrsta gjalddaga.

Í öðru lagi endurgreiðast lánin, sem veitt voru 1962 og 1968 á fimmtán árum með jöfnum afborgunum; að öðru leyti eins og fyrri lán.

Í þriðja lagi endurgreiðast lán, veitt 1968 og síðar, með jöfnum árgreiðslum, annúftet, á fimmtán árum. Þau bera 5% ársvexti frá námslokum, en afborganir hefjast fimm árum eftir að námi lýkur. Nokkuð er á reiki, hvernig innheimta beri vexti, sem safnast afborgunarlausá tímann. Hér var sá kostur valinn, að reikna 5% einfalda ársvexti í fjögur ár og færa þá upp nýjan höfuðstól. Síðan var annúftet reiknað í fimmtán ár af hinum nýja höfuðstól og fyrsta afborgun færð, þegar fimm ár eru liðin frá námslokum.

Spá um innstreymi afborgana námslána ásamt vöxtum.
(Allar tölur í þús. kr.)

	Lán veitt til 1961		Lán veitt 1962—'68		Lán veitt 1968—'73		Samtals		Inn- streymi Samtals
	Afb.	Vextir	Afb.	Vextir	Afb.	Vextir	Afb.	Vextir	
1973	1 611.2	175.4	5 156.4	2 139.8	344.3	371.4	7 111.9	2 686.6	9 798.5
1974	1 271.8	119.0	5 546.3	2 164.0	1 375.5	1 448.1	8 193.6	3 731.1	11 924.7
1975	951.5	74.5	5 745.1	2 074.3	3 271.7	3 351.1	9 968.3	5 499.9	15 468.2
1976	652.0	41.2	5 762.7	1 882.4	6 631.6	6 636.2	13 046.3	8 559.8	21 606.1
1977	377.7	18.3	5 762.7	1 680.7	12 594.1	12 380.1	18 734.5	14 079.1	32 813.6
1978	146.2	5.1	5 762.7	1 479.0	22 041.4	21 263.9	27 950.3	22 748.0	50 698.3
1979			5 762.7	1 277.4	31 291.3	28 952.9	37 054.0	30 230.3	67 284.3
1980			5 643.5	1 075.7	40 190.3	35 301.5	45 833.8	36 377.2	82 211.0
1981			5 395.0	878.1	48 165.1	39 728.3	53 560.1	40 606.4	94 166.5
1982			4 996.1	689.3	54 104.2	41 129.6	59 100.3	41 818.9	100 919.2
1983			4 425.5	514.4	56 809.5	38 424.2	61 235.0	38 938.6	100 173.6
1984			3 663.9	359.6	59 650.0	35 584.0	63 313.9	35 943.6	99 257.5
1985			2 721.0	231.3	62 632.5	32 601.4	65 353.5	32 832.7	98 186.2
1986			1 879.8	136.1	65 763.9	29 469.9	67 643.7	29 606.0	97 249.7
1987			1 167.9	70.3	69 051.2	26 181.7	70 219.1	26 252.0	96 471.1
1988			606.3	29.4	71 787.2	22 725.9	72 393.5	22 755.3	95 148.8
1989			216.4	8.2	73 272.7	19 137.6	73 489.1	19 145.8	92 634.9
1990			17.6	0.6	73 135.4	15 475.2	73 153.0	15 475.8	88 628.8
1991					70 147.5	11 818.6	70 147.5	11 818.6	81 966.1
1992					61 949.3	8 310.3	61 949.3	8 310.3	70 259.6
1993					46 715.4	5 213.2	46 715.4	5 213.2	51 928.6
1994					32 111.9	2 877.6	32 111.9	2 877.6	34 989.5
1995					18 470.3	1 271.9	18 470.3	1 271.9	19 742.2
1996					6 991.4	399.6	6 991.4	399.6	7 391.0

Fylgiskjal V.

**YFIRLIT UM VEXTI OG AFBORGANIR AF BANKALÁNUM LÁNASJÓÐS
ÍSL. NÁMSMANNA 1973—1985.**

1973	kr. 20 886 þús.
1974	— 23 843 —
1975	— 24 446 —
1976	— 24 552 —
1977	— 22 017 —
1978	— 23 285 —
1979	— 25 122 —
1980	— 27 328 —
1981	— 35 333 —
1982	— 44 258 —
1983	— 36 007 —
1984	— 27 705 —
1985	— 16 425 —
1985	er öllum greiðslum lokið.

Fylgiskjal VI

OPINBER FJÁRHAGSAÐSTOÐ VIÐ NÁMSMENN Á NORÐURLÖNDUM

Í yfirliti því, sem hér fer á eftir, er gerð grein fyrir nokkrum meginatriðum gildandi laga og reglugerða um opinbera fjárhagsaðstoð við námsmenn í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð, fyrst og fremst að því er varðar hliðstæða námsmannahópa og verksvið Lánasjóðs íslenskra námsmanna tekur til.

Danmörk.

Gildandi lög um námsaðstoð eru nr. 262 frá 4. júní 1970 og reglugerð samkvæmt þeim nr. 349 frá 12. júlí 1971. Meginskilyrði til að hljóta fjárhagsaðstoð eru, að námsmaður hafi þörf fyrir slíkan stuðning, að hann leggi stund á nám, sem viðurkennt er stuðningshæft, að hann hafi námshæfileika og stundi nám sitt af kostgæfni. Við mat á stuðningsþörf námsmanns skal annars vegar höfð hliðsjón af framfærslukostnaði og hins vegar af fjárhagsaðstæðum námsmannsins sjálfs og maka hans, ef hann er kvæntur/giftur, svo og að öðru jöfnu efnahag foreldra hans, þó ekki lengur en til 28 ára aldurs.

Fjárhagsaðstoðin getur verið með þrennu móti aðallega: styrkir, lán og ríkisábyrgð á banka- eða sparisjóðslánunum. Styrkir eru tvenns konar: annars vegar s. k. grunnstyrkir, en við veiting þeirra er eingöngu tekið tillit til fjárhagsaðstæðna námsmannsins sjálfs (og hugsanlegs maka), hins vegar „nauðsynjarstyrkir“, sem einnig miðast við efnahag foreldra námsmannsins. Lán geta að lögum einnig verið tvenns konar, lán I og lán II, og er þá gert ráð fyrir, að munur þeirra sé sá, að lán I sé vaxtalaus, meðan á námi stendur, en lán II beri vexti þegar frá lántöku. Að svo stöddu virðast einungis veitt lán af fyrri gerðinni, þ. e. lán I. Vextir eru 1% hærri en „forvextir“ danska seðlabankans á hverjum tíma. Menntamálaráðuneytið setur, með samþykki fjárveitinganefndar, reglur um endurgreiðslu lánanna. Er meginreglan sú, að endurgreiðsla skuli hefjast einu ári eftir námslok og ljúka á 10 árum með ársfjórðungsgreiðslum. Hver greiðsla getur þó ekki verið lægri en 300 d.kr., né hærri en 1 200 d.kr. — Til viðbótar styrk og námsláni samkvæmt framansögðu getur námsmaður fengið ríkisábyrgð á lán í banka eða sparisjóði innan ákveðinna marka.

Námsaðstoðarkerfið samkvæmt lögnum tekur til náms að loknu skyldunámi, en stuðningsþegum er skipt í tvo aðalflokka: Nemendur, sem ekki hafa náð 20 ára aldri, hljóta eingöngu „nauðsynjarstyrki“ (sjá hér að framan), en eldri nemendum, svo og námsmönnum við háskóla og hliðstæðar menntastofnanir, má veita bæði „grunnstyrki“, „nauðsynjarstyrki“ og lán.

Með stjórn námsaðstoðarmála fer sérstök stofnun, Statens uddannelsesstøtte, er heyrir undir menntamálaráðuneytið. Gerir hún tillögu til ráðuneytisins um skipting árlegra fjárveitinga milli framangreindra flokka námsmanna, hámark fjárhagsaðstoðar í hvorum flokki, skipting aðstoðar í styrki og lán og hvernig haga skuli viðmiðun við efnahagsaðstæður námsmanns og aðstandenda hans.

Við hverja einstaka menntastofnun starfar „námsstyrkjanefnd“, skipuð jafnmörgum fulltrúum úr hópi kennara (og/eða stjórnarsýslustarfsmanna) og námsmanna. Nefndinni ber m. a. að annast kynningu námsaðstoðar, taka við umsóknum og láta Statens uddannelsesstøtte í té upplýsingar um framvindu náms umsækjenda. Menntamálaráðuneytið skipar til fjögurra ára í senn 18 manna ráð, Námsaðstoðarráð, sem vera skal ráðherra og Statens uddannelsesstøtte til ráðuneytis um málefni er varða fjárhagsaðstoð við námsmenn.

Hámarksaðstoð við námsmenn í háskólum og hliðstæðum menntastofnunum nemur námsárið 1972/73 8 300—10 400 d.kr., nema sérstakar aðstæður séu fyrir

hendi. Er fjárhagsaðstoðin til þeirra að öðru jöfnu styrkur að hálfu, en lán að hálfu.

Lögin kveða á um, að fjárveitingar til námsaðstoðar samkvæmt þeim í fjárlögum ár hvert skuli taka breytingum í hlutfalli við breytingar á fjölda námsmanna og á vísitölu. Jafnframt er menntamálaráðherra heimilað, að tilskildum árlegum viðbótarfjárveitingum, að framkvæma í áföngum efling stuðningskerfisins, er miði að því, að styrkir og lán nægi að eðlilegu marki til að standa straum af nauðsynlegum framfærslukostnaði námsmanna.

Finnland.

Gildandi lög um námsaðstoð og reglugerðir samkvæmt þeim eru frá 1972 og taka til náms að loknu skyldunámi. Fjárhagsaðstoð samkvæmt lögunum er annars vegar í því fólgin, að veitt er ríkisábyrgð og greiddir niður vextir vegna námslána í bankastofnunum, og hins vegar í veitingu námsstyrkja. Almenn skilyrði til að hljóta fjárhagsaðstoð til náms eru, að umsækjanda sækist námið eðlilega og að fjárhagsaðstæðum hans sé þannig farið, að hann þurfi á stuðningi að halda. Við mat á fjárhagsþörf við úthlutun námsláns (ríkisábyrgðar) skal höfð hliðsjón af tekjum og eignum umsækjanda sjálfs og maka hans, og við úthlutun námsstyrkja skal einnig tekið tillit til efnahagsaðstæðna foreldra umsækjanda, svo framarlega að hann teljist á framfæri þeirra, en um það atriði fer eftir sérstökum reglum. Samkvæmt þeim telst námsmaður vera á framfæri foreldra sinna, ef hann er ókvæntur/ógiftur og býr hjá foreldrum sínum eða kjörforeldrum eða öðru þeirra, ellegar, þótt hann búi annars staðar, hefur ekki náð 20 ára aldri við upphaf námsársins.

Ríkisstjórnin ákveður eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti þau tekju- og eignamörk, sem óskert námsaðstoð skuli miðast við. Hámarksfjárhæðir námslána ákveður ríkisstjórnin árlega. Við háskóla og hliðstæðar menntastofnanir er hámarkslán námsárið 1972/1973 4 800 mörk (til náms erlendis 6 000—6 600 mörk). Niðurgreiðsla vaxta af námslánunum skal og ákveðin árlega og miðuð við, að vaxtagreiðsla sú, sem lántaki innir af hendi, sé 3% hið lægsta. Endurgreiðsla námsláns skal hefjast, þegar liðið er 1½ ár frá fyrsta vaxtagjalddaga eftir námslok, og skal lánið síðan endurgreitt með jöfnum afborgunum á hálfis árs fresti. Endurgreiðslutími, talið frá fyrstu afborgun, er að jafnaði tvöfaldur sá tími, sem viðkomandi námsmaður hefur þegið námslán, þó 14 ár hið lengsta.

Námslán með ríkisábyrgð eru einkum ætluð námsmönnum í háskólum og hliðstæðum menntastofnunum, en nemendur í menntaskólum og lýðháskólum geta einnig sótt um þau, ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi.

Hámarksfjárhæðir námsstyrkja eru ákveðnar í lögum, og eru þær mismunandi eftir skólastigum: 700 mörk á ári við háskóla og hliðstæðar menntastofnanir, en 500 mörk á ári við menntaskóla og ýmsa sérskóla. Lögin mæla svo fyrir, að árleg fjárveiting til námsstyrkja skuli nema sem svarar a. m. k. 12 500 hámarksstyrkjum.

Með stjórn námsaðstoðarmála fer sérstök stofnun, Statens studiestødscentral, sem heyrir undir menntamálaráðuneytið. Stjórnarnefnd stofnunarinnar er skipuð af ráðuneytinu til tveggja ára í senn, og eiga sæti í henni 8 menn, þ. á m. framkvæmdastjóri. Tveir stjórnarnefndarmanna skulu vera kennarar við menntastofnanir, sem lögin um námsaðstoð taka til, tveir fulltrúar samtaka námsmanna, einn fulltrúi samstarfsnefndar bankastofnana, einn fulltrúi menntamálaráðuneytisins og einn fulltrúi fjármálaráðuneytisins. Við háskóla og hliðstæðar menntastofnanir starfa námsaðstoðarnefndir, sem fjalla um úthlutun námsaðstoðar til námsmanna við viðkomandi stofnun. Menntamálaráðuneytið skipar nefndir þessar til tveggja ára í senn eftir tilögum námsaðstoðarstofnunar ríkisins. Skal hver nefnd skipuð 6 mönnum, þremur úr hópi kennara eða annarra starfsmanna og þremur úr hópi nemenda. Falli atkvæði jöfn við afgreiðslu máls, sker atkvæði formanns úr.

Noregur.

Gildandi lög um stuðning við námsmenn, sem leita sér framhaldsmenntunar, eru nr. 49/1969. Lögin taka bæði til námsstyrkja og námslána, og eru tilgreindar fimm tegundir styrkja: 1) Ferðastyrkir; 2) „fjarbýlisstyrkir“; 3) „sérstakir styrkir“; 4) skólagjaldastyrkir og 5) námsstyrkir til listamanna. Fyrir námsmenn í háskólum og hliðstæðum menntastofnunum eru námslán aðalstuðningsformið, en auk þess eiga þeir kost á „fjarbýlisstyrkjum“, þ. e. styrkjum, sem veittir eru námsmönnum, er verða að vista sig utan heimilis vegna náms síns, svo og sérstökum styrkjum vegna þungrar framfærslubyrði. (Námsmenn á aldrinum 20—30 ára eiga og nú kost á svonefndum „grunnstyrk“, sem skólaárið 1972/73 nemur 90 n.kr. á mánuði og er veittur án tillits til efnahags. Um þennan styrk eru ekki ákvæði í lögnum.) „Fjarbýlisstyrk“ má veita í sérstökum tilvikum, þótt nám sé stundað í heimabyggð, ef aðstæður námsmanna eru með þeim hætti, að hann þarf að vista sig utan heimilis. Stórþingið ákveður hámarksfjárhæðir hinna einstöku tegunda styrkja.

Við veiting námslána skal tekið tillit til fjárhagsaðstæðna umsækjanda og að öðru jöfnu einnig til fjárhags maka. Í lögnum segir, að þar til Stórþingið ákveði annað skuli og að jafnaði höfð hliðsjón af fjárhagsaðstæðum framferenda námsmanna, en frá námsárinu 1972/73 að telja er tillit til efnahags foreldra fellt niður, að því er tekur til námsmanna, sem náð hafa 20 ára aldri, svo og yngri námsmanna, sem hafa framfærslubyrði.

Vextir reiknast af námslánum frá námslokum (eða lokum eðlilegs námstíma). Hundraðstala vaxta er ekki ákveðin í lögum, en nemur nú 5.75% á ári. Endurgreiðsla námsláns fer fram eftir greiðsluáætlun, sem námslánasjóður setur og skal að jafnaði miðuð við jafngreiðslutilhögun. Endurgreiðslutíminn skal ákveðinn með hliðsjón af fjárhæð lánsins og tekjuhorfum lántaka, en skal að jafnaði ekki vera lengri en 20 ár. Námslánasjóður getur með heimild ráðuneytis breytt greiðsluáætlun, ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi. Samkvæmt núverandi reglum hefst endurgreiðsla u. þ. b. 15 mánuðum eftir námslok.

Námslánasjóður ríkisins (Statens lånekasse for utdanning) fer með námsstyrkja- og námslánamál. Samkvæmt lögum leggur ríkið stofnuninni fé í „grunnjóð“ og „varasjóð“, en auk þess er henni heimilt að taka lán til starfsemi sinnar með ríkisábyrgð. Í stjórn námslánasjóðs eiga sæti 5 menn, skipaðir af konungi til allt að þriggja ára í senn. Auk þess skipar konungur 12 manna ráð, sem á að hafa eftirlit með starfsemi námslánasjóðs og vera stjórnvöldum til ráðuneytis um meginreglur varðandi framkvæmd námsaðstoðar samkvæmt lögnum.

Svíþjóð.

Gildandi lagaákvæði um fjárhagsaðstoð við námsmenn eru að meginstofni frá 1964. Kerfið er í aðalatriðum tvíþætt: annars vegar styrkir (og lán) til nemenda í menntaskólum og ýmsum öðrum skólum á framhaldsskólastigi (samkvæmt reglugerð nr. 402/1964), hins vegar lán og styrkir til námsmanna við háskóla og ýmsa sérskóla (samkvæmt reglugerð nr. 401/1964). Aðstoð sú, sem þessum síðartalda hópi er látin í té, nefnist „námsfé“ (studimedel) og tekur til námsstofnana á háskólastigi, en einnig til ýmissa starfsnámsbrauta, sem telja má að nokkru á framhaldsskólastigi. Frá 1. júlí 1973 að telja fá nemendur, sem náð hafa 20 ára aldri, rétt til sams konar fjárhagsaðstoðar, enda þótt þeir stundi nám á grunnskóla- eða framhaldsskólastigi.

Fjárhæð námsaðstoðar („námsfjár“) er tengd svonefndri „grunnfjárhæð“ samkvæmt lögum um almannatryggingar, og tekur því breytingum með almennu verðlagi. Námsaðstoð getur hæst numið 70% „grunnfjárhæðar“ fyrir hvert misseri. Haustmisserið 1972 nam „grunnfjárhæðin“ 7 100 s.kr. og hámark námsaðstoðar því 4 970 s.kr. fyrir það misseri. Hafi námsmaður barn á framfæri sínu, getur hann þó

fengið viðbótaraðstoð, sem nemur 12.5% af „grunnfjárhæðinni“. Aðstoð umfram venjulegt hámark kemur og til greina, ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi.

Námsaðstoðin er að hluta styrkur og að hluta lán. Sé hámarksaðstoð veitt, nemur styrkhlutinn 875 s.kr. á misseri, en minnkar hlutfallslega, ef námsmaður telst ekki eiga rétt á hámarksaðstoð. Fjárhæð hámarksstyrks hefur haldist óbreytt síðan 1964, og hefur styrkhluti aðstoðarinnar því farið hlutfallslega minnkandi.

Við ákvörðun námsaðstoðar er höfð hliðsjón af tekjum og eignum námsmanns og maka hans, hins vegar er ekki tekið tillit til fjárhagsaðstæðna foreldra umsækjanda.

Námsaðstoð er að öðru jöfnu ekki veitt fyrir lengri námstíma en sextán misseri samanlagt.

Endurgreiðsla lánhluta námsaðstoðar hefst á þriðja ári eftir síðustu útborgun „námsfjár“ og fer síðan fram með árlegum greiðslum, þar til fimmtugsaldri er náð. Við tiltekna aðstæður getur greiðslum þó lokið fyrir eða eftir þann aldur. Lánin eru vaxtalaus, en verðtryggð með þeim hætti, að endurgreiða ber jafnmargar „grunnfjárhæðir“ og veittar voru á námstímanum. Samanlögð endurgreiðsla má þó aldrei nema hærri fjárhæð en lántakanda hefði borið að greiða, ef um hefði verið að ræða lán með vöxtum og vextir numið 60% venjulegra vaxta af lánnum úr lánasjóðum ríkisins. Með sérstökum ákvæðum er og leitast við að tryggja, að árleg endurgreiðsla fari ekki fram úr tilteknu hlutfalli af tekjum og eignum lántaka og maka hans á hverjum tíma, og heimilt er einnig að fresta ársgreiðslu, ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi. Lántaki getur endurgreitt örar en reglurnar mæla fyrir um og nýtur þá nokkurra fríðinda, því meiri sem lengra er eftir af endurgreiðslutímanum.

Með stjórn námsaðstoðarmála fer sérstök stofnun, Centrala studiehjálpsnámnden, sem heyrir undir menntamálaráðuneytið, en námsaðstoðarnefndir, sem annast útlutun að öðru jöfnu, eru starfandi í öllum háskólaborgum landsins.